FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
184. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. ÁGÚST 2017

# Virðast ekki hafa tekið tillit til áhrifa af komu Costco

**Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir áhyggjuefni ef ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að ógilda samruna Haga og Lyfju sé ávísun á það sem koma skal. Taka verði tillit til þess að samkeppnisumhverfið í smásölu sé að gjörbreytast.**

**VIÐSKIPTI** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir samkeppnisyfirvöld verða að fylgjast með þeirri þróun sem á sér nú stað á smásölumarkaði og taka tillit til þess að samkeppnisumhverfið sé að gjörbreytast. Áhyggjuefni sé ef ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli Haga og Lyfju sé ávísun á það sem koma skuli í öðrum sambærilegum málum sem eftirlitið hefur á borði sínu.

„Þróunin á markaðinum er svo gífurlega hröð. Samkeppniseftirlitið má því hafa sig allt við ef það ætlar að fylgjast með henni. Það er afskaplega hætt við því að forsendur sem liggja fyrir ákvörðun sem er tekin á ákveðnum tímapunkti verði orðnar úreltar skömmu síðar. Það er stóra áhyggjuefnið,“ segir Andrés.

Hagar og Festi hafa reynt að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi með áformum um að færa út kvíarnar og ná þannig fram auknum samlegðaráhrifum. Samkeppniseftirlitið ógilti í síðasta mánuði kaup Haga á Lyfju og fjallar nú um fyrirhuguð kaup N1 á Festi og Haga á Olís.

Andrés segir það aldrei hafa gerst að tveir alþjóðlegir risar komi nánast á sama tíma inn á hinn agnarsmáa íslenska markað og á þar við Costco og fatakeðjuna H&M. „Það þarf ekki mikinn speking til þess að sjá að innkoma þessara risa hlýtur að hafa mikil áhrif á umgjörð greinarinnar. Hver hún verður til langframa er ekki hægt að svara hér og nú. En það er óeðlilegt að álykta öðruvísi en svo að koma fyrirtækjanna muni hafa umtalsverðar breytingar í för með sér.“

> **Samkeppniseftirlitið verður að skoða gaumgæfilega hvaða áhrif nýir stórir aðilar hafa á okkar litla markað. Það verður að fylgjast með þróuninni á hverjum tíma.**
>
> Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu



Eðlilegt sé að þær verslanir sem fyrir eru á markaðinum reyni að bregðast við þessari breyttu stöðu og að það verði einhver hreyfing á markaðinum, til dæmis í sameiningarátt. „Við gjörbreyttar kringumstæður leita verslanir auðvitað leiða til að ná fram eins mikilli hagræðingu og hægt er.“

Andrés segir ekkert benda til þess að Samkeppniseftirlitið hafi í ákvörðun sinni í máli Haga og Lyfju tekið tillit til áhrifanna af komu Costco. „Eftirlitið verður að skoða gaumgæfilega hvaða áhrif nýir stórir aðilar hafa á okkar litla markað. Það verður að fylgjast með þróuninni á hverjum tíma. Það er beinlínis skylda samkeppnisyfirvalda.“ – **kij**



**Stöðug umferð var til höfuðborgarinnar í allan gærdag. Umferðin um Vesturlandsveg var þétt um sexleytið eins og ljósmyndari Fréttablaðsins komst að raun um þegar hann kannaði aðstæður. „Það eru engar tafir eða neitt en hún er orðin þétt bæði á Vestur- og Suðurlandsvegi,“ sagði Hannes Þór Guðmundsson, varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar, þegar Vísir talaði við hann síðdegis í gær.** Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Undir markmiði

**VIÐSKIPTI** Arðsemi stóru viðskiptabankanna þriggja af reglulegum rekstri batnaði lítillega í fyrra en er þó of lítil ef miðað er við arðsemiskröfu íslenska ríkisins. Grunnrekstur bankanna fer batnandi en enn eiga þeir mikið verk fyrir höndum. – **kij** / sjá síðu 6

## Vinsælla að giftast hér

**SAMFÉLAG** Það færist í vöxt að erlendir ferðamenn kjósi að gifta sig hér á landi. Sóknarprestur í Skálholti segir það fela í sér heilmikla pappírsvinnu fyrir útlendinga að gifta sig hér. „Fólk leggur talsvert á sig til að fá giftingu hér á Íslandi,“ segir Egill Hallgrímsson. **sg** / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Tómas Guðbjartsson skrifar um stóriðju, virkjanir og náttúruvernd. 11

**SPORT** Kristján Þór Einarsson vann Einvígið á Nesinu. 12

**LÍFIÐ** Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Sætran standa fyrir viðburði um matarsóun í vikunni. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- FASTEIGNIR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Gengur í sunnan 8-13 með rigningu, en hægari og úrkomulítið fram eftir degi um landið austanvert. Suðvestlægari um kvöldið. Hiti 9 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 18

# Stöðug umferð frá Eyjum til lands




**Herjólfur og Akranes fluttu gesti þjóðhátíðar til Landeyjahafnar í allan gærdag. Herjólfur byrjaði snemma nætur en Akranes fór sína fyrstu ferð klukkan sjö um morgunn. Flugfélagið Ernir flaug á milli lands og Eyja en einnig flugu minni vélar frá Eyjum á Bakka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Vildi inn á Barnaspítala

**LÖGREGLUMÁL** Maður í annarlegu ástandi reyndi ítrekað að komast inn á Barnaspítala Hringsins við Hringbraut um klukkan fimm í gærmorgun. Maðurinn neitaði að fara er öryggisverðir höfðu afskipti af honum. Hann neitaði jafnframt að gefa lögreglu upp kennitölu sína og vildi ekki framvísa skilríkjum. Maðurinn var handtekinn og vistaður sökum ástands í fangageymslu lögreglu. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þá voru afskipti höfð af konu í miðbæ Reykjavíkur þar sem hún var að kasta af sér vatni á tröppum Alþingishússins. Konan var kærð fyrir brot á Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg. **– kó**



**Enn á eftir að bera kennsl á líkamsleifar fjölmargra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Enn að bera kennsl á látna

**BANDARÍKIN** Læknar hafa borið kennsl á karlmann sem lét lífið í árásunum á tvíburaturnana í New York þann 11. september 2001. Maðurinn er 1.641. fórnarlambið sem borin hafa verið kennsl á eftir hryðjuverkaárásirnar, en alls létu 2.753 manns lífið í árásunum.

Nafn mannsins hefur ekki verið birt að ósk fjölskyldu hans.

Sérfræðingar á vegum New York-borgar hafa á undanförnum árum beitt sérstakri tækni til þess að vinna erfðaefni úr þeim líkamsleifum sem hafa fundist. Í frétt breska ríkisútvarpsins segir að enn eigi eftir að bera kennsl á líkamsleifar yfir fjörutíu prósenta þeirra sem létu lífið í árásunum fyrir sextán árum. **– kij**

## Panama-þáttur fær tilnefningu

**FJÖLMIÐLAR** Sænski fréttaskýringaþátturinn Uppdrag granskning sem afhjúpaði aflandsfélagseign Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, er tilnefndur til Emmy-verðlauna.

„Herra forsætisráðherra, hvað geturðu sagt mér um félag sem nefnist Wintris?“ spurði fréttamaðurinn Sven Bergman þáverandi forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í viðtalinu afdrifaríka.

Eftir að viðtalið við Sigmund Davíð var birt sagði hann af sér embætti forsætisráðherra. Ríkisstjórnin sat áfram en alþingiskosningum var flýtt. Bjarni Benediktsson, þáverandi fjármálaráðherra, og Ólöf heitin Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, voru einnig nefnd í skjölunum.

Í frétt á vef sænska ríkissjónvarpið kemur fram að þátturinn sé tilnefndur til alþjóðlegra verðlauna í flokki dægurmála. **– kk**

# Um 50 fíkniefnamál á borð lögreglu í Eyjum

**Minnst fimm kynferðisbrotamál voru tilkynnt lögreglu um nýliðna verslunarmannahelgi. Þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum er sú fjölmennasta til þessa. Sextán þúsund manns voru þar samankomnir þegar mest var. Umferðin gekk vel.**

**SAMFÉLAG** Útihátíðir verslunarmannahelgarinnar fóru flestar farsællega fram. Undantekningu var að finna á Flúðum þar sem ölvun og vímuefni voru áberandi. Þá komu upp nokkur kynferðisbrotamál.

Í Vestmannaeyjum fór hin árlega Þjóðhátíð fram. Lögreglan áætlar að hátíðin í ár hafi líklega verið sú fjölmennasta frá upphafi en þegar mest var voru gestir um 16 þúsund. Nokkuð var um ölvun og um fimmtíu fíkniefnamál komu upp.

Að sögn Jóhannesar Ólafssonar, yfirlögregluþjóns í Vestmannaeyjum, var meira um harðari fíkniefni nú en fyrri ár. Ein líkamsárás var kærð til lögreglu.

Í tilkynningum frá lögreglu yfir helgina kom fram að tvö kynferðisbrotamál hefðu komið upp sem teldust upplýst. Lögreglan upplýsir ekki um brot sem enn eru til rannsóknar og því möguleiki að þau hafi verið fleiri.

Á Flúðum kom fólk saman til að skemmta sér. Aðfaranótt laugardags og sunnudags fór hins vegar meira fyrir vímu, ölvun og slagsmálum heldur en skemmtun. Lögregla þurfti ítrekað að skakka leikinn og tjaldsvæðið var hið ósnyrtilegasta. Síðasta kvöldið var mun rólegra en hin tvö fyrri.




**Herjólfsdalur var þéttsetinn en áætlað er að ríflega 16 þúsund manns hafi verið í honum þegar mest var.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Tvö kynferðisbrot voru tilkynnt í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi um helgina. Þá höfðu alls fimm leitað á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Algengt er að þolendur leiti ekki strax á neyðarmóttökuna heldur komi þegar nokkrir dagar hafa liðið frá verknaðinum.

Á Akureyri fór fjölskylduhátíðin Ein með öllu fram, á Bolungarvík voru nýir Evrópumeistarar í mýrarbolta krýndir og á Egilsstöðum sóttu fjölskyldur unglingalandsmót UMFÍ. Á öllum stöðum var skemmtanahald til fyrirmyndar að sögn lögreglumanna á stöðunum.

Að hátíðarhöldum loknum þurfti fólk að koma sér aftur til síns heima. Umferðin gekk víðast hvar hægt en örugglega fyrir sig. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út skömmu eftir hádegi í gær eftir að húsbíll valt á Steingrímsfjarðarheiði. Tveir voru í bílnum og kastaðist annar út úr bílnum við veltuna. Flogið var með báða á Landspítalann í Fossvogi. Ekki er vitað nánar um líðan þeirra.

Mikið umferðareftirlit var í Landeyjahöfn en engum var hleypt undir stýri nema sá hinn sami blési fyrst hjá lögreglu. Um tuttugu voru stöðvaðir fyrir ölvunarakstur og nokkrir voru beðnir um að fá sér kaffi og doka örlítið áður en lagt væri í hann.

**johannoli@frettabladid.is**

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ




MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu

GMP



Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni

„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofið betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engihjalla.

BALSAM
balsam.is





# SNJALLASTUR

Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra akstursiginleika, notagildi og Ford gæði.

**26.473 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 179.000 kr.
- Vextir 8,4%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,11%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

VERÐ FRÁ:
**1.790.000** KR.

LÆKKAÐ VERÐ!

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Metfjöldi flugvéla um íslenska svæðið

**SAMGÖNGUR** 20.265 flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið í júlímánuði. Er það í fyrsta sinn sem fjöldinn fer yfir tuttugu þúsund. Isavia áætlar að um fimm milljónir farþega hafi ferðast með þessum flugvélum.

Í frétt á vef Isavia segir að tuttuguþúsundasta flugvélin hafi verið frá AirCanada, með flugnúmer 845, sem flaug nýverið á milli Frankfurt í Þýskalandi og Calgary í Kanada.

Flugumferðarstjórar í miðstöð Isavia í Reykjavíkur, sem fylgjast með flugumferðinni, sendu kveðju til áhafnar flugvélarinnar. Var henni vel tekið.

Ríflega þriðjungur umferðar um íslenska svæðið er til og frá Íslandi. Önnur umferð er flug á milli Evrópu og Ameríku annars vegar og Ameríku og Asíu hins vegar. Hefur flugumferð á milli Ameríku og Asíu aukist verulega síðustu árin, að sögn Isavia. – **kij**



**Strandveiðimenn fá auknar aflaheimildir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fagna auknum aflaheimildum

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband smábátaeigenda fagnar ákvörðun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sjávarútvegsráðherra um að auka aflaheimildir til strandveiða um 560 tonn á þessari vertíð. Verða strandveiðiheimildir því 9.760 tonn á vertíðinni. Landssambandið tekur fram í yfirlýsingu að ákvörðun ráðherra sýni skilning hennar á mikilvægi strandveiði.

Með ákvörðun ráðherrans var komið til móts við fyrri samþykkt stjórnar landssambandsins sem send var ráðuneytinu í byrjun mánaðarins, en þar var skorað á ráðherra að auka aflaviðmiðun í ágúst þannig að ekki kæmi til stöðvunar veiða.

Heimildirnar munu skiptast hlutfallslega jafnt á milli strandveiðisvæða með tilliti til dagsafla hvers svæðis og er gert ráð fyrir að umrædd viðbót auki sókn um tvo daga á hverju svæði um sig. – **kij**

# Rúmir 18 milljarðar þurrkast út eftir opnun Costco

**VIÐSKIPTI** Um 18,6 milljarðar króna af markaðsvirði smásölurisans Haga hafa þurrkast út frá því að bandaríska keðjan Costco opnaði verslun sína í Kauptúni í maímánuði. Forsvarsmenn Haga sendu á föstudagskvöldið frá sér sína aðra afkomuviðvörun á einum mánuði þar sem varað var við því að EBIDTA félagsins – rekstrarhagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði – verði um tuttugu prósentum lægri á öðrum fjórðungi þessa árs en á sama tíma í fyrra.

Gengi hlutabréfa í Högum stóð í 39,4 krónum á hlut þegar markaðir



**Finnur Árnason, forstjóri Haga**

lokuðu á föstudag. Hefur það lækkað um 28,7 prósent frá því að Costco opnaði verslun sína 23. maí síðastliðinn. Á sama tíma hefur markaðsvirði Haga lækkað um 28,8 prósent, úr 64,7 milljörðum í 46,1 milljarð.

Gengi bréfanna fór niður í 38 um miðjan júlímánuð, skömmu eftir að félagið sendi frá sér sína fyrstu



**Sala Haga hélt áfram að dragast saman í júlí.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

afkomuviðvörun, en fyrir utan það hefur hlutabréfaverðið ekki verið lægra í tvö ár. Sérfræðingar á fjármálamarkaði sem Fréttablaðið ræddi við telja líklegt að markaðurinn bregðist nokkuð harkalega við viðvöruninni í dag og að gengið fari langleiðina niður í 37. Líkur séu á því að sala Haga batni eftir því sem líður á árið, en þó sé ólíklegt að gengið fari aftur yfir 40 í bráð.

Í viðvöruninni kom fram að sölusamdrátturinn í júlí hafi verið á sömu nótum og í júní, en þá nam hann 8,5 prósentum milli ára að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi. – **kij**

# Ferðamenn leggja mikið á sig fyrir hjónavígslur á Íslandi

Árlega færist það í vöxt að erlendir ferðamenn kjósi að gifta sig hér á landi. Þá er náttúran í forgrunni og athafnir ýmist úti eða í kirkjum á fallegum stað. Hjón geta gefið fé til kirkjunnar sem það giftir sig í.



**Pink Iceland er meðal fyrirtækja sem bjóða ferðamönnum að gifta sig á Íslandi.** MYND/KRISTÍN MARÍA

**SAMFÉLAG** „Það er heilmikið vesen fyrir fólk að ætla að gifta sig hérna, það gerist ekki einn, tveir og þrír, það er mikil pappírsvinna í kringum það. Fólk leggur talsvert á sig til að fá giftingu hér á Íslandi," segir Egill Hallgrímsson, sóknarprestur í Skálholti.

„Það hefur alltaf verið eitthvað um óskir erlendra aðila undanfarin ár að gifta sig og þetta hefur aukist með auknum ferðamannastraumi," segir Egill. Hann segir þetta þó ekki óviðráðanlegan fjölda hjá sér að minnsta kosti.

Það vakti athygli í fréttunum fyrir helgi þegar brúðgumi frá Bandaríkjunum gifti sig á stuttermabolnum á Íslandi eftir að farangurinn hans týndist. Það par er eitt af mörgum sem hefur komið til Íslands gagngert í ár til að gifta sig.

„Þetta eykst eiginlega ár frá ári, mögulega á þetta sömu uppsprettu og þessi aukni ferðamannastraumur," segir Steinar Harðarson hjá Siðmennt. „Það er mjög oft sem beðið er um að athafnir fari fram á einhverjum fallegum stöðum þar sem náttúran er í bakgrunni," segir Steinar.

Steinar nefnir að meðal vinsælla staða séu svæðið við Gullfoss, Reynisfjara, Skógafoss og Jökulsárlón. „Þetta er mjög mikið á fallegum náttúrustöðum á Suðurlandi og jafnvel á Snæfellsnesi og í nágrenni Vatnajökuls," segir Steinar.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á Suðurlandi fjölgar hjónavígslum erlendra aðila stöðugt. Framan af voru það mest Þjóðverjar og Bretar að giftast, en nú eru þjóðernin fleiri og mikið um að Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Rússar giftist hér á landi.

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup Skálholtsumdæmis, finnur einnig fyrir aukningu. „Það er alveg hreinlega aukning, ég er fyrst og fremst á Þingvöllum og sé að það er þannig þar," segir Kristján.

### Vinsælir staðir fyrir hjónavígslur:

| | |
|---|---|
| Gullfoss | Kleifarvatn |
| Reynisfjara | Dyrhólaey |
| Skógafoss | Jökulsárlón |
| Seljalandsfoss | Kirkjufell |
| Hjálparfoss | Þingvellir |

Kristján telur að bæði sé aukning í borgaralegum og kirkjuathöfnum. Hann segir að fólk einblíni á að gifta sig í fallegu umhverfi. „Fólk er ekki bara að leita að íslenskum litlum kirkjum, þótt sumum finnist þær krúttlegar, þetta snýst meira um tengsl við náttúruna. Athafnir eru í ýmsum kirkjum sem eru vinsælar en það er líka vegna þess að þær standa einhvers staðar á fallegu landi."

Kristján telur að athafnir sem þessar geti haft jákvæð fjárhagsleg áhrif á kirkjur í litlum sóknum. „Ég tel víst að ef fólk skilur eftir fé til kirkna þá sé það auðvitað plús. Eins og í Þingvallakirkju, þá segi ég við fólkið að það skuli gjarnan gefa kirkjunni og það eru tekjur sem koma inn. Það hefur örugglega jákvæð áhrif."

Egill segir einnig að eitthvað sé um það að erlendir aðilar sem gifti sig í kirkjum hér á landi gefi kirkjunni peninga eftir það. Það breyti þó ekki fjárhag kirkna enda gifti sig ekki allir í sömu kirkjunni.

**saeunn@frettabladid.is**




# Vilja losna við forsetann

**SUÐUR-AFRÍKA** Þingmenn í Suður-Afríku munu greiða nafnlaust atkvæði um vantrauststillögu á Jacob Zuma, forseta landsins. Þetta hefur Baleka Mbete, forseti þingsins, tilkynnt. Stjórnarandstæðingar lögðu fram vantraust á forsetann. Þeir telja að í leynilegri atkvæðagreiðslu muni þingmenn úr flokki forsetans, Afríska þjóðarráðinu, þora að styðja tillöguna.

BBC-fréttastofan segir að Zuma hafi nokkrum sinnum fengið á sig vantrauststillögur en alltaf staðið þær af sér.

Afríska þjóðarráðið, flokkur Zuma, hefur stjórnað í Suður-Afríku allt frá því að aðskilnaðarstjórnin lét af völdum árið 1994 og hefur flokkurinn ríflegan meirihluta þingmanna á þinginu.

Fréttaritari BBC í Suður-Afríku segir að ákvörðunin um leynilega atkvæðagreiðslu hafi komið á óvart. Nú sé spurningin hvort nógu margir þing-




**Mótmælendur í Suður-Afríku gengu á götum úti um helgina til þess að mótmæla forsetanum, Jacob Zuma. Þeir kröfðust þess að Zuma segði af sér embætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

menn Afríska þjóðarráðsins séu reiðubúnir til að taka afstöðu gegn Zuma.

Að minnsta kosti 50 af 249 þingmönnum flokksins þyrftu að greiða atkvæði gegn forsetanum til að hún yrði samþykkt.

Talsmenn Afríska þjóðarráðsins segja að vantrauststillagan sé pólitískt leikrit sem sé ætlað að losna við ríkisstjórnina án þess að til almennra kosninga þurfi að koma. Forseti landsins hefur verið umdeildur eftir að hann rak fjármálaráðherrann, Pravin Gordhan, úr embætti og gerði fleiri breytingar.

Zuma hefur einnig verið sakaður um spillingu og er sakaður um að hafa gerst of handgenginn Gupta-fjölskyldunni, en sú fjölskylda hefur oft verið grunuð um að seilast til pólitískra áhrifa.

Bæði Jacob Zuma og Gupta-fjölskyldan hafa neitað því að hafa aðhafst eitthvað rangt. – **jhh**

# Ljósleiðari hjá Nova!

Leyfðu okkur að lækka hjá þér netreikninginn.

## 200 GB
**3.990 kr.**

| | |
|---|---|
| 200 GB netnotkun | 3.990 kr. |
| Aðgangsgjald | 2.999 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals** | **7.679 kr.** |

Hver **100 GB** umfram: 990 kr.

## 2000 GB
**5.990 kr.**

| | |
|---|---|
| 2000 GB netnotkun | 5.990 kr. |
| Aðgangsgjald | 2.999 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals** | **9.679 kr.** |

Hver **1000 GB** umfram: 990 kr.

Ljósleiðari hjá Nova styður 1000 Mb/s hraða, sem er mesti hraði í heimatengingum á Íslandi.

**Hvað ert þú að borga fyrir netið í dag?**
Gerðu verðsamanburð og hafðu samband við okkur ef þú vilt lækka netreikninginn.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þú pantar Ljósleiðara á nova.is, í síma 5191919 eða næstu Nova verslun.
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

HAFIÐ
FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti

SUMARSALAN
– er í fullum gangi

20% AFSLÁTTUR
Soteco Base XP 315 1300W
Iðnaðarryk-/vatnssuga, 23L, létt og öflug
24.293
Áður kr. 32.390




25% AFSLÁTTUR
ÍTÖLSK GÆÐI



Lavor CF20
ryk/vatnssuga 1400W 20lítra
9.992
Áður kr. 12.490

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

## Auglýsing um próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2017 sem hér segir:

- **Prófhluti I:** Reikningshald 12. október 2017 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- **Prófhluti II:** Skattskil og upplýsingatækni 21. nóvember 2017 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- **Prófhluti III:** Raunhæft verkefni 16. desember 2017 – prófið hefst kl. 12 og stendur til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara og til prófefnislýsingar sem birt er á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is.

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 35.000.

Próftökugjöld skal greiða í síðasta lagi fjórum vikum fyrir hvern auglýstan prófdag. Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftökumaður sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir prófmenn skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is

*Reykjavík, 4. ágúst 2017*

***Prófnefnd viðurkenndra bókara***

## Hjólaleigur sífellt vinsælli



**Hjólaleigur verða sífellt vinsælli í Kína. Fólk getur fengið leigt hjól og greitt eitt júan fyrir klukkustund. Á ofangreindri mynd er verið að koma fyrir hjólum undir brú í Tongzhou-hverfi Pekingborgar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Arðsemi bankanna enn undir markmiði

**Arðsemi stóru viðskiptabankanna þriggja af reglulegum rekstri batnaði lítillega í fyrra en er þó of lítil ef miðað er við arðsemiskröfu íslenska ríkisins. Grunnrekstur bankanna fer batnandi en enn eiga þeir mikið verk fyrir höndum.**

**VIÐSKIPTI** Arðsemi stóru viðskiptabankanna þriggja af reglulegum rekstri batnaði lítillega í fyrra en uppfyllir þó ekki enn þá kröfu sem íslenska ríkið gerir til langtímaarðsemi eignarhlutar síns í bönkunum. Arðsemi reglulegs rekstrar Íslandsbanka og Landsbankans jókst smávegis á milli ára, og nam 8,2 og 5,9 prósentum af eigin fé bankanna, en hins vegar lækkaði arðsemi Arion banka í 5,3 prósent sem er lægsta arðsemi sem bankinn hefur skilað á síðastliðnum fimm árum.

Þrátt fyrir að bókhaldslegur hagnaður bankanna þriggja hafi dregist saman um 53,8 milljarða króna á milli áranna 2015 og 2016, þá batnaði afkoman af reglulegum rekstri um 4,7 milljarða. Meginskýringin á þessari bættu afkomu liggur í aukningu á hreinum vaxtatekjum sem jukust um níu milljarða króna á milli ára, að því er fram kemur í nýrri skýrslu Bankasýslu ríkisins.

Eftir að hafa dregist nokkuð saman á árunum 2012 til 2014 hefur hagnaður bankanna af reglulegum rekstri aukist á síðustu tveimur árum.

Bankarnir þrír hafa skilað miklum heildarhagnaði, eða sem nemur samtals 527 milljörðum króna, á undanförnum átta árum, en hagnaðurinn hefur einkum og sér í lagi skýrst af óreglulegum liðum eins og virðisaukningu útlána og sölu eigna.

Eftir sem áður eiga bankarnir enn verk fyrir höndum við að bæta afkomu sína af grunnrekstri. Þannig var arðsemi bankanna af reglulegum rekstri minni í fyrra, þegar hún var 6,4 prósent, heldur en árið 2012, en þá nam hún 7,9 prósentum. Er hún þannig enn umtalsvert undir þeirri arðsemiskröfu sem ríkið gerir til eignarhlutar síns í bönkunum.

Arðsemi Landsbankans hefur lagast frá árinu 2014, að sögn Bankasýslunnar, rétt eins og arðsemi Íslandsbanka, sem hefur bætt afkomu sína af reglulegri starfsemi á hverju ári frá 2012. Hins vegar stóð arðsemi reglulegs rekstrar Arion banka nánast í stað á árunum 2013 og 2015 og lækkaði á síðasta ári.

kristinningi@frettabladid.is

### Hlutur ríkisins hvergi meiri en hér á landi

Bankasýsla ríkisins bendir á í skýrslunni að fjárbinding íslenska ríkisins í eignarhlutum sínum í viðskiptabönkunum sé orðin „gríðarleg“ í samanburði við önnur Evrópuríki. Þannig hafi hlutur ríkisins í bókfærðu eigin fé stóru viðskiptabankanna þriggja aukist úr 13,8 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 2015 í 18,7 prósent í fyrra.

Til samanburðar var hlutfallið 4,6 prósent í Belgíu, 1,9 prósent í Bretlandi og 2,3 prósent í Hollandi í fyrra, að sögn Bankasýslunnar. Þess má geta að hlutfallið var 3,6 prósent hér á landi í árslok 1997, þegar ríkissjóður átti allt hlutafé í Búnaðarbankanum, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Landsbankanum.




**6,4%**

**var arðsemi stóru viðskiptabankanna þriggja af reglulegum rekstri í fyrra.**




# NÁMSKEIÐ Á MEISTARASTIGI VIÐ DEILDIR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Framboð Endurmenntunar á meistarastigsnámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er til 11. ágúst.**

## UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra
Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna

## LÆKNADEILD

Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema

## HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa
Rekstur og heilbrigðisþjónusta

## FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Lykilþættir í stefnumótun náms- og starfsráðgjafar

## HAGFRÆÐIDEILD

Atvinnuvegahagfræði
Fjármálatölfræði
Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
Hagnýtar hagmælingar
Kostnaðar- og nytjagreining
Rekstrarhagfræði fyrir meistaranema
Vinnumarkaðshagfræði

## VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Alþjóðaviðskipti
Alþjóðlegur skattaréttur
Eignastýring og verðlagning
Endurskoðun - I. hluti
Endurskoðun - III. hluti
Félaga- og skuldaskilaréttur
Fjárhagsupplýsingakerfi
Fjármála- og eiginfjárgerningar
Fjármögnun fyrirtækja
Fjármögnun og fjárhagsstaða fyrirtækja
Forysta og leiðtoginn
Greining ársreikninga
Markaðsáherslur og markaðshneigð
Markaðssetning á netinu
Neytendahegðun
Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði
Samkeppnishæfni
Samskipti á vinnumarkaði
Skipulag og atferli
Starf stjórnandans, forysta og samskipti
Stjórnunar- og eftirlitskerfi
Verkefnastjórnun I
Viðskiptasiðfræði
Virðismat fyrirtækja
Vörumerkjastjórnun
Þekkingarstjórnun
Þjónustukenningar og þjónustuhagkerfið
Þættir í eigindlegri aðferðafræði
Þættir í tölfræði

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR
Veldu öruggt start með TUDOR
Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is




Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, talar við Koro Bessho, fulltrúa Japana, og Matthew Rycroft, fulltrúa Breta, áður en fulltrúar kusu um nýjar viðskiptaþvinganir gegn Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ætla að hefna sín á Bandaríkjamönnum

**Stjórnvöld í Norður-Kóreu hugsa Bandaríkjamönnum þegjandi þörfina fyrir að hafa stuðlað að nýjum viðskiptaþvingunum. Sameinuðu þjóðirnar samþykktu þvinganirnar á laugardaginn. Samstaða um aðgerðirnar á meðal annarra ríkja.**

**NORÐUR-KÓREA** Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa hótað því að hefna sín og láta Bandaríkin kenna á því fyrir að hafa skipulagt hertar viðskiptaþvinganir til að bregðast við kjarnorkuáætlunum þeirra.

Norður-Kóreumenn telja að viðskiptaþvinganirnar sem voru samþykktar samhljóða af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna á laugardaginn hafi verið gróft brot gegn fullveldi Norður-Kóreu.

Með aðgerðum Sameinuðu þjóðanna er markmiðið sett á að draga úr útflutningstekjum Norður-Kóreu um þriðjung. Ákvörðun um að grípa til nýrra viðskiptaþvingana var tekin eftir ítrekaðar kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna sem hafa orðið til þess að auka mjög á spennuna á Kóreuskaganum að undanförnu.

BBC-fréttastofan segir frá því í gær að Norður-Kóreumenn hafi heitið því að halda áfram með kjarnorkuvopnaáætlun sína. Vísað er í ríkisfjölmiðilinn KCNA þar sem fram kemur að stjórnvöld í Norður-Kóreu muni ekki semja um kjarnorkuáætlun sína á meðan Bandaríkin ógna þeim.

Þá hóta stjórnvöld í Norður-Kóreu því að láta Bandaríkjamenn standa reikningsskil gjörða sinna þúsundfalt

Í samtali við blaðamenn á fundi í Manila, höfuðborg Filippseyja, sagði Bang Kwang Hyuk, talsmaður Norður-Kóreustjórnar, að aukin spenna á Kóreuskaganum og deilur vegna kjarnorkumála væru á ábyrgð Bandaríkjanna.

„Við staðfestum að við munum aldrei semja um kjarnorkuáætlun okkar og munum ekki gefa neitt eftir,“ segir Kwang Hyuk opinberlega.

Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er í Manila. Hann vakti athygli á því að bæði Rússar og Kínverjar styddu viðskiptaþvinganirnar og sagði að það þyrfti enginn að velkjast í vafa um að það væri vilji alþjóðasamfélagsins að Norður-Kóreumenn létu af kjarnorkuvopnatilraunum sínum.

Rússar og Kínverjar hafa hingað til deilt um það hvernig ætti að taka á málefnum Norður-Kóreu en á síðustu mánuðum hafa bæði ríkin hvatt til þess að kjarnorkuvopnatilraunum verði hætt. En ríkin hafa líka hvatt Bandaríkin og Suður-Kóreumenn til þess að bíða með allar varnaræfingar og draga til baka eldflaugavarnarkerfi sitt frá Suður-Kóreu.

**jonhakon@frettabladid.is**


Markaðsstofa Kópavogs

Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs 2017

Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs verður haldinn miðvikudaginn 23. ágúst kl. 17.00 á Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a, fjölnotasal á 1. hæð.

Dagskrá
1. Skýrsla stjórnar
2. Umræður um skýrslu stjórnar
3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Kosning fulltrúa úr röðum atvinnulífsins til stjórnarsetu í Markaðsstofu Kópavogs
5. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara
6. Önnur mál

Öll aðildarfélög sem greitt hafa árgjald til Markaðsstofu Kópavogs 2016 eru gjaldgeng til stjórnarsetu og hafa atkvæðisrétt á fundinum.
Léttar veitingar í boði.
Allar nánari upplýsingar um aðild að markaðsstofu á markadsstofakopavogs.is.

Markaðsstofa Kópavogs | Engihjalla 8, 200 Kópavogur | Sími 661 9060




Mannréttindadómstóll Evrópu hafnaði beiðni Tyrkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tyrknesku pari var synjað um bráðaaðstoð

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hafnaði í síðustu viku beiðni tveggja Tyrkja um að hlutast til um að þau verði leyst úr haldi tyrkneskra stjórnvalda, vegna bráðrar lífshættu.

Grunnskólakennari og bókmenntafræðingur, Semih Ozakca og Nuriye Gulmen, eru meðal tugþúsunda opinberra starfsmanna sem misstu vinnuna í kjölfar valdaránstilraunarinnar í Tyrklandi í fyrra. Parið hóf hungurverkfall 9. mars síðastliðinn, var handtekið hálfum mánuði síðar og bíður ákæru fyrir aðild að hryðjuverkasamtökum. Vitnisburðir tyrkneskra lækna segja ástand þeirra lífshættulegt en þau hafa verið í hungurverkfalli í tæpa 5 mánuði. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur heimild á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna dómsins, til að grípa inn í með bindandi úrskurði ef einstaklingar sem reka mál fyrir dómstólnum eru í bráðri hættu vegna ráðstafana aðildarríkja.

Það var niðurstaða dómsins að varðhaldið sé parinu ekki lífshættulegt. Þeim tilmælum er beint til tyrkneskra stjórnvalda að tryggja parinu fullnægjandi aðstoð vegna daglegra þarfa enda lífi það ekki af hjálparlaust. Þá er því eindregið beint til Ozakca og Gulmen að þau bindi enda á hungurverkfall sitt. **– aá**


SUMARFERÐ 2017
Heilaheill – áfall er ekki endirinn
Laugardaginn 12. ágúst 2017

Kl.07:15 frá Sigtúni 42, 105 Reykjavík
Kl.09:15 frá Landeyjarhöfn
Eldheimar skoðaðir
Farið í siglingar og söfn
Kl.18:15 Brottför heim til lands



Skráning á Heilaheill.is, í síma 860 5585
eða heilaheill@heilaheill.is fyrir 11. ágúst

Hver borgar fyrir sig í mat siglingar og á söfn!
VERÐ: 5.000,- fyrir einstaklinginn!

VESTMANNAEYJAR



ÚRVAL ÚTSÝN
5.–18. OKTÓBER
13 DAGAR Í THAILANDI
Á EINSTÖKU VERÐI
Mikið innifalið í ferð um framandi slóðir Thailands. Strandbærinn Hua Hin í 8 nætur og höfuðborgin Bangkok í 3 nætur. Fararstjóri er Kristján Steinsson.
ALDAGÖMUL MENNING
THAILAND einkennist af aldagamalli austurlenskri menningu í bland við nútímavæðingu. Farþegar geta notið lífsins á sinn hátt.
LÍFLEG HEIMSBORG
BANGKOK er spennandi borg, uppfull af menningu, skemmtun, verslun og fjölda veitingahúsa. Gamlir og nýjir tímar mætast í þessari alþjóðlegu borg.
FJÖLBREYTT AFÞREYING Í BOÐI
HUA HIN er heillandi strandbær sunnan við Bangkok sem sameinar sjarma gamla fiskimannabæjarins og nútímalega ferðamannaaðstöðu.
★★★★ MIKIÐ INNIFALIÐ
LÚXUS GISTINGAR gera upplifunina enn ánægjulegri. Fjölda þæginda, sundlaugagarðar með bekkjum, loftkæld herbergi og morgunverður innifalinn.
GLÆSILEG FERÐ MEÐ MIKIÐ INNIFALIÐ
• Flug og flugvallaskattar frá Íslandi til Thailands
• Gisting í Hua Hin í 8 nætur á lúxushóteli
• Gisting í Bankgkok í 3 nætur á lúxushóteli
• 11 × morgunverður
• 2 × kvöldverður
• Akstur frá flugvelli að hóteli í Hua Hin
• Akstur frá hóteli í Hua Hin til Bangkok
• Akstur frá Bangkok að flugvelli
• Skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu (2 ferðir í Bangkok)
• Enskumælandi staðarleiðsögumaður
• Íslenskur fararstjóri
KRISTJÁN STEINSSON
FARARSTJÓRI
FLUG, FARASTJÓRI, HÓTEL OG MARGT FLEIRA INNIFALIÐ
UNDIR ÁBYRGRI STJÓRN ÚRVALS ÚTSÝNAR
FRÁ 299.900 KR.
VERÐ Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA.
BÓKAÐU THAILAND Á UU.IS
EÐA Í SÍMA 585 4000
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Stikkfrí



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það ríkir ófremdarástand í húsnæðismálum á Íslandi og hvergi er ástandið jafn slæmt og hjá þeim sem þurfa á félagslegum úrræðum að halda. Stöðug fjölgun ferðamanna leiðir af sér að sífellt hærra hlutfall íbúðarhúsnæðis er nýtt fyrir ferðaþjónustu í svokallaðri Airbnb útleigu, auk þess sem stórt hlutfall eigna á höfuðborgarsvæðinu er í eigu örfárra fasteignafélaga sem á sinn þátt í að fasteigna- og leiguverð er langt umfram það sem eðlilegt getur talist í hlutfalli við ráðstöfunartekjur fjölmargra landsmanna.

Í mars á þessu ári hafði Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs og formaður Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, á orði að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þyrftu að koma sér saman um að banna Airbnb til þess að reyna að tryggja eðlilegt framboð á litlum og meðalstórum íbúðum á húsnæðismarkaði. Skömmu áður hafði Íslandsbanki sent frá sér skýrslu um íslenska ferðaþjónustu þar sem kom fram að aukningin á virkum gistirýmum með Airbnb hafi verið 116% á einu ári. Ekkert varð úr sameiginlegum aðgerðum en Kópavogsbær klóraði þó í bakkann fyrir skömmu með því að gefa neikvæðar umsagnir um rekstrarleyfi fyrir gististaði þar sem gert er ráð fyrir íbúðabyggð.

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar, viðurkenndi fyrir skömmu að stefna borgarinnar dygði ekki til þess að hjálpa þeim sem væru í mestum vanda þar sem borgin hafi reynt að leggja áherslu á félagslega blöndun. Vel komi þó til greina að Félagsbústaðir fari að byggja íbúðir til þess að takast á við vandann og að borgin sé einnig að skoða að rýmka reglur um íbúðakaup til þess að koma til hjálpar þeim sem verst eru staddir. Það er ekki seinna vænna því það einfaldlega gengur ekki í okkar velferðarsamfélagi að fólk sé á götunni og það jafnvel með börn á vergangi.

En það er ekki hægt að skella skuldinni allri á stóru sveitarfélögin. Hafnarfjörður er að grípa til aðgerða í þessum efnum eftir að hafa um tíma glímt við einkar erfiða fjárhagsstöðu. Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær virðast hins vegar ekki axla ábyrgð á félagslegum húsnæðisúrræðum með sama hætti, því þar er hlutfall félagslegs húsnæðis mun lægra. Þetta er auðvitað allt annað en ásættanlegt enda hefur Ármann Kr. Ólafsson bent á óréttlætið í því að sveitarfélögin deili ekki þessari ábyrgð með jöfnum hætti. Þetta er vitaskuld hárrétt hjá Ármanni.

Þorsteinn Víglundsson, félags- og húsnæðismálaráðherra, telur að hlutverk ríkisins sé fyrst og fremst að sjá um samræmingu og aðstoð fyrir sveitarfélögin. Það er ágætt í sjálfu sér en eins og málin eru að þróast þá þarf ríkið ótvírætt að koma að þeim með meira afgerandi hætti. Það þarf að koma böndum á eignasöfnun örfárra fasteignafélaga og það þarf að setja mun strangari hömlur á útleigu húsnæðis fyrir ferðaþjónustu, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og tryggja ábyrgð allra sveitarfélaga. Það gengur ekki að sum sveitarfélög og svo ríkisvaldið sjálft séu stikkfrí undan aðgerðum þegar fólk er á götunni.

**Það er ekki seinna vænna því það einfaldlega gengur ekki í okkar velferðarsamfélagi að fólk sé á götunni og það jafnvel með börn á vergangi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Flokkssystkinin mótmæla**

Ummæli oddvita Framsóknar og flugvallarvina um að það felist í því „sokkinn kostnaður“ fyrir Reykjavík að taka við börnum hælisleitenda hafa réttilega vakið hörð viðbrögð. Ekki var við öðru að búast þegar kjörinn fulltrúi elur á ótta á svona ógeðfelldan máta til að næla sér í atkvæði.

Viðbrögð flokkssystkina hennar vöktu sérstaklega ánægju. Formaður flokksins sagði ummælin í engu samræmi við stefnu flokksins og þá mótmæltu ungir framsóknarmenn þeim kröftuglega. Viðbrögðin veita von um að viðhorf fulltrúans séu í miklum minnihluta innan flokksins.

**Enn ein viðvörunin**

Hagar sendu frá sér sína aðra afkomuviðvörun á einum mánuði fyrir helgina. Þar vöruðu stjórnendur félagsins við að EBITDA ársfjórðungsins yrði um tuttugu prósentum lægri en í fyrra. Viðbúið er að markaðurinn taki ekki vel í viðvörunina og kæmi lítið á óvart ef hlutabréfin tækju dýfu í dag, en þau hafa lækkað um 29 prósent frá því að Costco opnaði verslun sína í maí. Fáir munu kætast yfir því, nema ef til vill þeir fjárfestar sem hafa skortselt bréf í félaginu á undanförnum mánuðum, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þeir séu allmargir.

kristinningi@frettabladid.is

# Móttaka flóttafólks; Eftir- eða örvænting?



Árni Gunnarsson
formaður Rauða krossins í Reykjavík

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld boðið um 50 flóttamönnum til Íslands. Allt bendir til þess að í ár fái rúmlega 100 manns alþjóðlega vernd á Íslandi eftir hælisleit en í fyrra voru þeir 111. Meirihluti hælisleitenda sem hér fá stöðu sem flóttamenn hefur þannig komið á eigin vegum.

Mikill munur er á móttöku þessara hópa. Kvótaflóttafólk fær margvíslegan stuðning fyrsta árið auk húsnæðis. Hið sama gildir ekki um flóttamenn sem koma sjálfir. Nýlega sömdu stjórnvöld við Rauða krossinn um stuðning við báða hópana, en enn er pottur brotinn. Eftir að hælisleitandi hefur fengið stöðu flóttamanns er honum vísað úr húsnæði sem Útlendingastofnun útvegaði. Tíminn til að standa á eigin fótum, finna vinnu og nýtt húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína er talinn í vikum.

Eftir gleðina við að fá loksins leyfi til að búa hér eftir oft erfiða tíma tekur nöturlegt ástand við. Hér er húsaleiga efnalitlu fólki ofviða og ekkert húsaskjól að fá. Fjölskylda sem á sér engan samastað getur ekki leitað að atvinnu eða aðlagast nýju umhverfi. Afleiðingarnar eru beiskja og vonbrigði. Ástandið á húsnæðismarkaðnum kemur flatt upp á fólk og þrátt fyrir aðstoð við húsnæðisleit sem m.a. Rauði krossinn býður er árangurinn lítill og tiltrú nýrra íbúa á okkur hverfur. Örvænting er ekki góð tilfinning og vont þegar fyrsta upplifun nýrra íbúa er barátta við heimilisleysi. Orðspor okkar sem velmegunarþjóð og þjóð meðal þjóða er einnig í húfi.

Líkt og aðrar þjóðir tökum við á móti fólki sem þarf að flýja heimaland sitt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Þak yfir höfuðið er fyrsta skyldan sem þarf að uppfylla. Stefnuyfirlýsingar mega ekki vera orðin tóm, þá skapast væntingar sem bresta. Rauði krossinn hefur átt viðræður við stjórnvöld og vilji er til að finna ásættanlegar lausnir.

Eftir um tvö ár verður vonandi komið betra jafnvægi framboðs og eftirspurnar, en fram að þeim tíma þarf að grípa til bráðabirgðaráðstafana. Skoða þarf allar leiðir því fólkið sem hingað leitar kemur með von í brjósti, tilbúið að hefja nýtt líf og gerast nýtir þjóðfélagsþegnar.

**Kvótaflóttafólk fær margvíslegan stuðning fyrsta árið auk húsnæðis. Hið sama gildir ekki um flóttamenn sem koma sjálfir.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Öngvar málsbætur



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

**Maður sem ákveður að fara út í laxeldi og hagar sér svona þegar hann sér fram á gjaldþrot er illa áttaður.**

Hvað fær mann til að sleppa hundrað og sextíu þúsund norskum laxaseiðum í sjó fyrir vestan, nánar tiltekið á Tálknafirði? Hann segir sjálfur frá því að, jú, hann hafi verið að spara sér aur, það hefði verið of kostnaðarsamt að þrífa upp dauð laxaseiði. Fyrirtækið Eyrar-fiskeldi hafði ekki gengið sem skyldi, það hefði verið dýrt að þrífa upp dauðu seiðin ef hann léti þau drepast úr hungri og þess vegna hefði hann sleppt þeim í hafið meðan þau tórðu enn.

Það vita allir sem hafa fylgst með málum hér á landi og umræðunni um laxeldi að þetta flokkast undir glæp. Glæp gegn náttúrunni, glæp gegn íslenska laxinum. Maður sem ákveður að fara út í laxeldi og hagar sér svona þegar hann sér fram á gjaldþrot er illa áttaður. Hundrað og sextíu þúsund seiði, 300-600 gramma þung. Þetta er svo há tala í samhengi við hvað er að ganga af laxi í íslenskar laxveiðiár að mann setur hljóðan. Og hvar var eftirlitsstofnunin þegar þetta gerðist? Við þeirri spurningu þarf að fá svar.

Útgerðarmaðurinn sem málið varðar á sér öngvar málsbætur. Hann hefur varpað skugga á umræðuna um laxeldið þar sem verið er að reyna að ná sátt um þessa hluti. Laxeldi er ógn við íslenska náttúru og íslenska laxinn. Okkur sem teljum laxeldi í sjókvíum vera tímasekkkju og berjumst fyrir því að það sé stundað í landkvíum eða þá að það sé notaður geldfiskur í sjókvíum hrýs hugur við slíkum siðferðisbresti. Svona framganga sýnir ennþá einu sinni að villimennskan gagnvart íslenskri náttúru viðgengst nánast fyrir opnum tjöldum. Því miður.

# Ísland er land þitt



Úrsúla Jünemann
kennari á eftirlaunum

Hver kannast ekki við kvæði sem dásamar landið okkar með allri sinni fögru og einstöku náttúru og öllum gæðum sem hægt er að hugsa sér? Ég efast ekki um að flestum landsmönnum þykir vænt um landið sitt.

En síðustu vikurnar bárust í æ auknum mæli fréttir um mengunarslys. Mikið skólp rann óhreinsað í sjóinn dögum saman í Reykjavík án þess að íbúar væru varaðir við. Olíumengunar varð vart í læk við Grafarvoginn sem er mikilvægur áningarstaður fyrir fugla. Varmá í Mosfellsbæ varð enn einu sinni fyrir alvarlegri mengun þannig að fiskarnir drápust. Loftmengun vegna svifryks og útblásturs í vetur og vor var mjög oft yfir viðunandi mörkum og „viðkvæmir voru hvattir að halda sig innandyra“.

Er ekki tími kominn til þess að Íslendingar vakni af sínum þyrnirósarsvefni? Mun hreint og óspillt land heyra bráðum sögunni til? Kæruleysi og fáfræði er því miður mjög oft ennþá ríkjandi, þannig að menn nota alls konar óæskileg efni sem eru skaðleg náttúrunni og sturta jafnvel afganginum í niðurföllin þar sem það fer beint í árnar og sjóinn. Ofanvatnið frá íbúahverfunum fer oft óhreinsað í niðurföllin og þar með alls konar mengandi efni sem menn nota á sínum lóðum. Sveitarfélögin hafa því miður oft dregið lappirnar við það að vera með öfluga vöktun og aðgerðir til að draga úr mengum í ám, vötnum og víðar. Fagurgali sumra sveitarstjórnarmanna lýsir ekki því sem í raun og veru er gert í þágu náttúruverndar. Fjármagnið til umhverfis- og náttúruverndarmála er af allt of skornum skammti í mörgum sveitarfélögum. Manni finnst bara grátbroslegt að það sé verið að biðla til þeirra sem ollu menguninni að gefa sig fram – eins og var gert í tilfelli olíumengunarinnar í Grafarvoginum. Hver myndi gera það af fúsum og frjálsum vilja?

„Maður lærir af mistökum,“ var sagt þegar í ljós kom að í skólpdælustöð við Faxaskjól voru lokur ekki úr ryðfríu stáli svo þær tærðust upp og ollu þessari gríðarlega miklu mengun í marga daga. Maður spyr sig hvort þarna hafi einfaldlega mistök átt sér stað eða hvort menn hafi viljað spara við að nota ódýrara efni.

Og svo eru það stóru málin. Hvernig er staðan í sambandi við fyrirtækin og mengunarvarnir þeirra? Í Tálknafirði bárust plastagnir frá seiðaeldisstöðinni Arctic Fish í fjöruna og afsökunin var þannig að menn hefðu bara ekki gert ráð fyrir vestfirskum vindum (RUV 18.7.), frábært!

Enn er planað lax- og silungseldi í stórum stíl þó að vitað sé að sleppifiskar muni með tímanum ganga af villtu fiskistofnunum dauðum vegna erfðamengunar. Og ekki er vitað hvaða afleiðingar fiskeldi í opnum kvíum í fjörðunum mun hafa því alls konar efni eru notuð sem eru ekki æskileg í lífríki sjávar.

Stóriðjufyrirtækin fá afslátt af mengun og ef þau standa ekki í stykkinu hvað mengunarvarnir snertir þá fá þau endalaust nýja „sjensa“ eins og t.d. þetta subbufyrirtæki þarna í Helguvík.

Nýjasta sorglega dæminu var greint frá í Fréttablaðinu þann 22.7.: PCC Silicon á Bakka fær afslátt af útblæstri ryks og það má vera fjórfalt meira fyrstu tvö rekstrarárin en leyfilegt er samkvæmt nýjum lögum. Og Umhverfisstofnun leggur meira að segja blessun sína yfir þetta.

Menn eru ennþá að gæla við hugmyndina um olíuvinnslu á Drekasvæðinu og stórskipahöfn á Langanesi. Og svo eru það fleiri virkjunarhugmyndir með allri eyðileggingunni sem fylgir. Landsmönnum er ennþá talin trú um að þetta sé nauðsynlegt til að láta hjól atvinnulífsins snúast.

Hér er einungis stiklað á stóru um það sem er að gerast hér á landi. En það er allavega skref í rétta átt að umhverfismál og mengunarslys rati í fréttir í staðinn fyrir að vera sópað undir teppið.

Ég er sannfærð um að flestöllum landsmönnum þyki vænt um landið sitt og náttúru þó að til séu svartir sauðir sem er alveg sama. En fáfræði, hugsunar- og kæruleysi er því miður algengt. Þörf er á aukinni fræðslu og einnig hertu eftirliti með umhverfissóðunum. Virkri vöktun á náttúrudjásnum þarf að koma af stað þó að það kosti eitthvað. Fyrirbyggjandi aðgerðir munu seinna meir margfalt borga sig. Menn þurfa að gera ráð fyrir að þegar sparað er í umhverfismálum muni það yfirleitt kosta meira í alls konar aðgerðum þegar skaðinn er skeður.

# Eru bara 4,6 prósent lífeyrisþega í fátækt?



Guðmundur Ingi Kristinsson
varaformaður Flokks fólksins

Í skýrslu Landssamtaka lífeyrissjóða frá því í febrúar 2017 um samanburð á lífeyriskerfum fimm landa, sem eru Ísland, Bretland, Danmörk, Holland og Svíþjóð, kemur fram að vernd gegn alvarlegri fátækt er náð með því að taka öryrkja út úr skýrslunni og bara á Íslandi skerða allar tekjur umfram lágt frítekjumark lífeyri frá hinu opinbera.

Til að ná Íslandi í undir 4,6% fátækt hjá lífeyrissjóðsþegum varð að taka alla öryrkja út úr skýrslunni og sameina almannalífeyrissjóðskerfið við hið opinbera til að búa til eitt kerfi úr tveim gjörólíkum réttindakerfum, þar sem opinbera kerfið er helmingi betra en það almenna.

Íslenska kerfið sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu. Ísland er jafnframt eina landið þar sem lífeyrir úr opinbera kerfinu fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk segir í samanburðarskýrslunni um lífeyriskerfi þessara fimm landa.

4,6% fölsunin á fátækt er bara um 2.000 manns, en ef rétt hefði verið að staðið væru ekki undir 5.000 manns í lífeyrissjóðskerfinu í sárafátækt og um 15.000 manns í fátækt.

Í skýrslu Landssamtaka lífeyrissjóða frá því í febrúar 2017 eru tölur frá 2013 um miðgildi ráðstöfunartekna notaðar á móti lágmarkslífeyri 2016. Öryrki hvort sem hann býr einn eða með fullfrískum launa- eða lífeyrisþega fær ekki að vera í skýrslunni. Þetta er gert til að ná lífeyrissjóðsgreiðslum til ellilífeyrisþega upp fyrir fátæktarmörk.

**Fáránlegur samanburður**

Að bera saman rangar upplýsingar um miðgildi lífeyristekna frá 2013 við 2016 og taka öryrkja út úr samanburðinum til að ná 4,6% lífeyrisþega undir fátæktarmörk er fáránlegt. Að gera þetta einnig með því að hræra saman opinbera lífeyrissjóðskerfinu við almenna kerfið er sorglegt.

400 þúsund króna tekjur í almenna lífeyrissjóðskerfinu í dag skila bara rúmlega 200 þúsund krónum í lífeyri, en rúmlega 300-400 þúsund krónum í opinbera kerfinu. Þá er eftir að skatta, skerða og gera keðjuverkandi skattaskerðingar á þessum lífeyrissjóðsgreiðslum. 300 þúsund krónur eru fátæktarmörkin í dag og undir 200 þúsundum er sárafátækt og ríkið skattar við um 145 þúsund krónur.

**Ríkið á því strax að hætta að skatta fátækt, því það leiðir bara til sárafátæktar.**

Skattbyrði á Íslandi er þriðja hæsta í Evrópu sem hlutfall af landsframleiðslu, bara Svíþjóð og Danmörk hærri. Hátekjuskattur er lægri en hjá flestum nágrannaþjóðum og það á einnig við um fyrirtækja- og fjármagnsskatt. Inniheimta Íslendingar um 45 milljörðum króna minna í þessa skatta en okkar næstu nágrannar.

Hvað er ríkið að borga í lífeyrislaun á Íslandi, um 90 milljarða króna? Erum við sem erum á lífeyrislaunum að borga fyrir allt með sköttum og keðjuverkandi skerðingarsköttum? Svarið er „JÁ“. Ríkið er ekki að borga krónu í lífeyri eldri borgara og öryrkja. Skattur, skerðingar og keðjuverkandi skerðingar á lífeyrissjóðslaun duga vel fyrir því sem ríkið þykist vera að greiða og það er meira að segja afgangur. Ríkið græðir á lífeyrissjóðskerfinu. Ríkið á því strax að hætta að skatta fátækt, því það leiðir bara til sárafátæktar.

# Stóriðju- og virkjanaárátta – stríð á hendur ósnortnum víðernum



Tómas Guðbjartsson
læknir og náttúruverndarsinni

**Stóriðja hefur vissulega skapað störf og tekjur hér á landi, en það hefðu peningarnir líka gert hefðu þeir verið nýttir til annarrar atvinnustarfsemi.a**

Undanfarið hefur skapast töluverð umræða um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir á Íslandi, enda virðist sem stjórnvöld ætli áfram að greiða götu mengandi stóriðju. Reynsla Keflvíkinga af kísilveri United Silicon í Helguvík er skýrt dæmi um misheppnaða stóriðjuframkvæmd og álver á Grundartanga, í Straumsvík eða Reyðarfirði munu seint teljast prýði eða bæta loftgæði. Þrátt fyrir að þessar verksmiðjur séu komnar til að vera þá er engan veginn sjálfgefið að það verði að reisa fleiri slíkar. Aðstæður á Íslandi eru gjörbreyttar og staðreynd að stóriðja fer illa saman við blómstrandi ferðamannaiðnað, sem er orðin sú atvinnugrein sem skapar langmestar gjaldeyristekjur og veitir miklu fleiri Íslendingum atvinnu en stóriðja.

**Virkjanir raska viðkvæmum víðernum**

Stóriðja er ekki aðeins mengandi heldur krefst hún mikillar orku sem fæst með því að virkja vatnsföll og háhitasvæði. Þessar virkjanir eru nær undantekningarlaust nálægt náttúruperlum sem bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn laðast að. Auk þess rjúfa þær ósnortin víðerni sem hafa minnkað um 70% á sl. 70 árum hér á landi. Ef stóriðjustefna og tilheyrandi virkjanaframkvæmdir halda áfram með sama hraða þarf ekki stærðfræðing til að reikna út hversu mikið verður eftir af ósnortnum víðernum fyrir komandi kynslóðir. Það er framtíðarsýn sem mér hugnast ekki. Ósnortin víðerni skipta nefnilega miklu máli, enda ein okkar helsta auðlind og það sem flestir útlendingar gefa upp sem ástæðu fyrir því að koma til Íslands.

**Heimsmeistarar í orkuframleiðslu til stóriðju**

Virkjanaárátta er stórt vandamál á Íslandi. Ljóst er að gríðarlegir hagsmunir er í húfi hjá orkufyrirtækjum og fjölda verktakafyrirtækja sem á síðustu 50 árum hafa tekið þátt í að auka orkuframleiðslu Íslendinga rúmlega tífalt. Í dag framleiða Íslendingar langmest allra í heiminum af rafmagni á íbúa, eða 54 kílóvattstundir, sem er helmingi meira en Norðmenn sem koma næstir með 23 kílóvattstundir. Langmest er framleitt með vatnsaflsvirkjunum en tæpur þriðjungur fæst með virkjun gufuafls. Aðeins 5% af þessari raforku eru nýtt til heimila en 80% fara til stóriðju, mest til álvera en einnig til járnblendi- og kísiliðjuvera. Orkan okkar er vissulega endurnýtanleg en reynslan af gufuaflsvirkjunum eins og á Hellisheiði og Reykjanesi hefur sýnt að þær eru ekki sjálfbærar ef gengið er hratt á auðlindina, sem er gufan neðanjarðar. Íslensk orka er heldur ekki ókeypis og að baki hverri virkjun er gríðarleg fjárfesting þar sem tekin hafa verið stór lán – oft í samvinnu við erlend risafyrirtæki. Stóriðja hefur vissulega skapað störf og tekjur hér á landi, en það hefðu peningarnir líka gert hefðu þeir verið nýttir til annarrar atvinnustarfsemi.

**Stóriðjuparadís þar sem náttúrunni blæðir**

Fyrir einhverjum áratugum voru álbræðslur taldar spennandi kostur til að styrkja efnahag landsins. Nú eru aðstæður hins vegar gjörbreyttar og viðhorf til náttúruverndar hafa breyst. Því stingur í stúf að á teikniborðinu séu átta stórar virkjanir hér á landi. Samtals eiga þær að skila 419 MW, sem er hvorki meira né minna en 60% af afli Kárahnjúkavirkjunar. Það er því verið að gefa í og gera Ísland að enn frekari paradís stóriðju. Viljum við það? Ég efast stórlega um að slík stefna samrýmist vilja meirihluta íslensku þjóðarinnar. Það er erfitt að stöðva gröfurnar þegar þær eru á annað borð komnar í gang. Að mínu mati er þessi stóriðju- og virkjanastefna úrelt og ekkert annað en stríð á hendur náttúru Íslands – náttúru sem okkur ber skylda til að vernda fyrir komandi kynslóðir.


Kristján Þór Einarsson hefur unnið Einvígið á Nesinu tvisvar á síðustu fjórum árum. Hann vann fyrst 2014 og endurtók leikinn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Var kominn með mikinn leiða

**Kristján Þór Einarsson hrósaði sigri í Einvíginu á Nesinu í annað sinn á síðustu fjórum árum. Kristján segist hafa fundið fyrir miklum leiða á golfinu í sumar og segist ekki hafa notið sín á vellinum eins og hann gerði.**

**GOLF** Kristján Þór Einarsson vann Einvígið á Nesinu, árlegt góðgerðarmót Nesklúbbsins og DHL Express á Íslandi, í gær. Mótið hefur farið fram á Nesvellinum á Frídegi verslunarmanna frá árinu 1997. Þetta er í annað sinn sem Kristján vinnur Einvígið á Nesinu en hann afrekaði það einnig 2014.

Alls tóku 11 kylfingar þátt í ár. Um morguninn var að venju leikinn níu holu höggleikur en eftir hádegið hófst sjálft Einvígið þar sem einn keppandi datt út á hverri holu þangað til tveir börðumst um sigurinn á 9. holu. Á endanum stóðu þeir Kristján og Guðmundur Rúnar Hallgrímsson eftir og hafði sá fyrrnefndi betur.

„Þetta var góður og mjög skemmtilegur dagur,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég var að spila rosalega vel í Einvíginu sjálfu. Um morguninn var maður bara að fá tilfinningu fyrir vellinum. Það er alltaf gaman að spila á þessu móti,“ bætti kylfingurinn úr Mosfellsbænum við.

Kristján hefur verið í fremstu röð íslenskra kylfinga á undanförnum árum og varð m.a. Íslandsmeistari 2008. Hann segir þó að áhuginn á golfinu sé ekki alveg sá sami og hann var áður.

„Rétt fyrir Íslandsmótið var ég farinn að finna að ég var kominn með rosalega mikinn leiða á golfinu og naut mín ekki á vellinum,“ sagði Kristján.

„Maður tók eiginlega þátt vegna þess að maður þurfti þess. En það var önnur stemning í dag [gær]. Maður fór til að hafa gaman og þegar maður hefur gaman af þessu verður golfið betra.“

En var Kristján jafnvel farinn að hugsa um að leggja kylfuna á hilluna?

„Nei, ekki alveg. En kannski ekki að taka þetta af jafn mikilli hörku. Ég vil frekar hafa gaman af þessu og geta farið í golf og leikið mér í staðinn fyrir að fara í golf og tilfinningin sé eins og það sé verið að pína mann í það,“ sagði Kristján sem vonast til að sigurinn í Einvíginu á Nesinu gefi honum spark í rassinn fyrir Íslandsmót golfklúbba um næstu helgi.

Eins og áður sagði er Einvígið á Nesinu góðgerðarmót. Að þessu sinni fékk Vinaliðaverkefnið, sem leggur áherslu á að stöðva einelti í skólum, eina milljón króna frá DHL á Íslandi. **ingvithor@365.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**KA - FH 0-0**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 30 | Víkingur | 18 |
| Stjarnan | 22 | KA | 16 |
| FH | 21 | Fjölnir | 15 |
| Grindavík | 21 | Víkingur Ó | 13 |
| KR | 20 | ÍBV | 12 |
| Breiðablik | 18 | ÍA | 9 |

**SLÓ TVÖ ÍSLANDSMET Í BERLÍN**



Anton Sveinn McKee sló tvö Íslandsmet á jafn mörgum dögum á heimsbikarmóti í Berlín um helgina. Anton bætti átta ára gömul Íslandsmet Jakobs Jóhanns Sveinssonar í 50 og 100 metra bringusundi í 25 metra laug. Anton synti á 27,20 sekúndum í 50 metra bringusundi og endaði í 13. sæti. Gamla metið hans Jakobs var 27,37 sekúndur. Í 100 metra bringusundi synti Anton á 58,66 sekúndum og lenti í 9. sæti. Gamla metið hans Jakobs var 58,90 sekúndur.

**KEPPIR Í ÚRSLITUM Í KVÖLD**

Ásdís Hjálmsdóttir keppir í úrslitum í spjótkasti á HM í frjálsum íþróttum á Lundúnaleikvanginum í kvöld. Úrslitin í spjótkastinu hefjast klukkan 18:20 að íslenskum tíma. Ásdís var með níunda lengsta kastið í undanúrslitunum á sunnudagskvöldið. Fyrstu tvö köst hennar náðu ekki yfir 60 metra en í þriðju tilraun kastaði hún 63,06 metra. Íslandsmetið, sem hún setti í síðasta mánuði, er 63,43 metrar. Kastið á laugardagskvöldið var lengsta kast Ásdísar á stórmóti frá upphafi.




## Í dag

**18.35 R. Madrid - Man Utd** Sport 2
**19.00 FH - Valur** Sport

**Pepsi-deild karla**
**18.00 Víkingur - ÍBV** Víkin
**19.15 ÍA - KR** Akranes
**19.15 FH - Valur** Kaplakriki



Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 8. ÁGÚST 2017

# Leiðinleg líkamsrækt gerir lítið gagn

**Sólveig Gísladóttir, leikskóla- og grunnskólakennari, starfar sem þjálfari í CrossFit Reykjavík þar sem hún hefur meðal annars umsjón með krakka- og unglinga-crossfit.**




Sólveig Gísladóttir þjálfar krakka og unglinga í CrossFit Reykjavík. MYND/ERNIR












Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus







Sólveig ætlar enn að snara og hanga í kaðli þegur hún verður 92 ára – og eitthvað lengur. MYND/ERNIR


Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is




Sólveig stundaði skíðaíþróttina á yngri árum en eftir að hún hætti því leitaði hún lengi að hreyfingu sem hentaði henni. „Ég prófaði að sjálfsögðu eróbikk og pallaleikfimi, bodypump og fleira. Fór síðan að lyfta lóðum og hlaupa á bretti. En fyrir sex árum kynntist ég crossfit og þá var ekki aftur snúið. Mér fannst ég næstum frelsuð.“

Hvaða líkamsrækt stundar þú í dag? „Í dag er ég í crossfit sem er hrikalega skemmtilegt. Á hverjum degi eru nýjar áskoranir enda er ég í fullu starfi sem CF þjálfari í CrossFit Reykjavík þar sem iðkendur mínir eru frá 6 ára og alveg upp í 70 ára. Svo koma lítil kríli innan við eins árs þrisvar í viku með foreldrum sínum í foreldracrossfit,“ svarar Sólveig sem sér um allt unglingastarf á stöðinni. „Stór hópur af 10 til 12 ára og 13 til 16 ára unglingum æfir hjá okkur og það finnst mér mjög skemmtilegur aldur.“

Sólveig æfir sjálf fimm til sex sinnum í viku.

*Hver er uppáhaldsæfingin þín?* „Uppáhaldsæfingin mín er snörun (önnur ólympíska lyftan) og kaðlaklifur.“

*Hver er besta teygjan?* „Ég byrja líklegast oftast á því að teygja létt á mér með spiderman og djúpri hnébeygjustöðu, til að liðka mig í mjöðmum.“

Þegar kemur að mataræði segist Sólveig borða eins hreina fæðu og hún mögulega geti og forðast sykur og sætuefni. „Ég hef í huga magn og gæði kolvetnis, próteins og fitunnar þegar ég set saman máltíðirnar mínar. Mér líður vel af þessari fæðu og síðan ég tók til hjá mér þá fæ ég aldrei „pylsuputta“ eins og ég kallaði það og útbelgdan maga, sem hefur líklega stafað af því að ég borðaði eitthvað sem ég bara þoldi ekki.“

**„Fólk er gert til að hreyfa sig en ekki sitja meirihluta dags. Því verðum við að hreyfa okkur svo að við verðum ekki aumingjar.**

*Er eitthvað sem þú neitar þér um?* „Í raun er ég ekki að neita mér um neitt sem mig langar í. Ég hef til dæmis ekki drukkið gos síðan ég var í menntaskóla og er afar vandlát á sælgæti eða slikkerí. En hef verið sykurlaus síðan í mars og mér finnst það bara ekkert mál, þegar ég tek svona skurk. Í staðinn fæ ég mér ber og rjóma meðan aðrir fá sér köku, ís eða nammi.“

*Hvernig er dæmigerður matseðill?* „Morgunmatur: Gróf hafragrjón, kókosflögur, rúsínur, möndlur og væn sletta af hreinu skyri og mjólk. Einn bolli af góðu pressukaffi. Ef ég verð rosa svöng fyrir hádegismat fæ ég mér oft banana og möndlur. Hádegismatur: Túnfiskur/egg og fullt af grænmeti og alltaf avókadó. Eftir æfingu um þrjúleytið fæ ég mér próteinsjeik eða skyrboost sem ég bý mér til sjálf.

Kvöldmatur: Samanstendur oftast af kjúklingi/fiski/ommilettu, sætum kartöflum og fullt af salati.“

*Hvað borðar þú fyrir og eftir æfingu?* „Ég æfi oftast eftir hádegistímana mína svo hádegismaturinn stendur með mér þangað til. Ég er alveg laus við það að sturta í mig einhverjum göróttum drykkjum og drekk bara vatn. Ég held að enginn hafi gott af svona svakalega miklu magni af koffeini eins og margir af þessum drykkjum innihalda og fólk drekkur í tíma og ótíma. Og ég verð alveg úthverf ef unglingarnir mínir sem æfa hjá mér í CFRvk voga sér að koma með svona drykki á æfingu.“

Sólveig segist ekki narta mikið milli mála. „En það kemur þó fyrir og þá er nærtækast að grípa í ávöxt, hnetur eða möndlur. Núna er ég með æði fyrir brokkólíi og ef ég á sýrðan rjóma þá finnst mér geggjað að dýfa kálinu í hann. Meðan ég var í skólanum og lá með nefið ofan í skólabókunum fékk ég mér líka stundum popp sem ég poppa upp úr kókosolíu og það finnst mér sjúklega gott.“

*Áttu einhver góð heilsuráð?* „Góð heilsa samtvinnast í líkama og sál og því ættum við að umgangast eins mikið af jákvæðu og skemmtilegu fólki og við mögulega getum. Okkur líður betur og við verðum betri manneskjur. Fólk er gert til að hreyfa sig en ekki sitja meirihluta dags. Því verðum við að hreyfa okkur svo að við verðum ekki aumingjar. Nauðsynlegt er að hafa gaman af því sem við ætlum að gera, leiðinleg líkamsrækt gerir lítið gagn því við gefumst örugglega upp innan tíðar. En hafa ber í huga að styrktaræfingar eru mjög mikilvægar fyrir vöðva og bein þótt við séum orðin fjörgömul. Þess vegna ætla ég að snara og hanga í kaðli þegar ég verð 92 ára og eitthvað lengur.“


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 8. ÁGÚST 2017



# Team Sleipnir náði 15. sæti í Formula Student

Team Sleipnir er skipað verkfræði- og tæknifræðinemendum Háskólans í Reykjavík og náði það 74. sætinu í þessari keppni í fyrra en 15. sæti nú. →2




Trojan BATTERY COMPANY

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | pontun@olis.is | rekstrarland.is

# Team Sleipnir náði 15. sæti í Formula Student í Bretlandi



Við forprófanir á bíl Team Sleipnir á Silverstone.

## Var þetta einungis í annað skiptið sem Team Sleipnir tók þátt í Formula Student keppninni en liðið náði 74. sæti í fyrra, 15. sæti í ár og leiðin liggur aðeins upp á við.

Á hinni fornfrægu Silverstone kappakstursbraut á Englandi er árlega haldin keppni háskólanema í hönnun og gerð kappakstursbíla. Bílarnir þreyta ýmis próf og keppa sín á milli ásamt því að liðin þurfa að halda fyrirlestra um önnur verkfræðileg verkefni tengd hönnun, kostnaði og viðskiptum. Tekin eru saman stig úr öllum flokkum í lokin og sigurvegari krýndur. Um 2.000 nemendur frá yfir 90 háskólum frá 30 löndum kepptu þetta árið. Fyrir Íslands hönd keppti liðið Team Sleipnir sem er skipað verkfræði- og tæknifræðinemendum Háskólans í Reykjavík. Bíll þeirra, RU17, fór í gegnum skoðanir og athuganir án mikilla vandræða og fékk þátttökurétt í hinum fjölmörgu kappakstursgreinum sem keppt er í, en það tókst alls ekki öllum liðum. Fyrst var keppt í „Skid Pad“ þar sem keyrt er í form tölustafsins 8 til að sýna fram á grip og stöðugleika bílsins og lenti Team Sleipnir í 20. sæti. Athuguð var hröðun þar sem Team Sleipnir endaði í 16. sæti. Ekið var á braut í kapp við klukkuna og hafnaði Team Sleipnir í 17. sæti í þeirri grein. Síðasta og jafnframt erfiðasta keppnin var þolakstur þar sem keyrðir voru 22 hringir í braut á meðan aðrir bílar voru í brautinni á sama tíma. Tekið var tillit til heildartíma sem og bensínnotkunar og endaði RU17 í 11. sæti. Bíllinn sló aldrei feilpúst og hafnaði Team Sleipnir í 15. sæti í það heila sem er magnaður árangur. Fyrsta sætinu landaði Cardiff University sem er jafnframt fyrsti sigur bresks háskóla í sögu keppninnar. Var þetta einungis í annað skiptið sem Team Sleipnir tók þátt í keppninni en liðið náði 74. sæti í fyrra, 15. sæti í ár og liggur leiðin nú aðeins upp á við.



Keppnisbíll Team Sleipnir á fullri ferð í þolakstursluta keppninnar.

# Porsche úr þolakstri og snýr sér að Formula E



Keppnislið Porsche í þolakstursmótaröðinni.

Það fór eins og í stefndi að Porsche lýsti því yfir að fyrirtækið hygðist hætta þátttöku í þolaksturskeppni og snúa sér alfarið að þátttöku í Formula E rafmagnsbílakeppnisröðinni. Þessi stefnubreyting er samstiga breyttu viðhorfi og framleiðslu Porsche, sem og móðurfyrirtækis þess, Volkswagen sem alla áherslu leggja nú á þróun og framleiðslu rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla.

Það er ekki eins og Porsche hætti þátttöku sinni í þolakstri með skít og skömm, þvert á móti, en Porsche hefur til að mynda unnið Le Mans þolaksturskeppnina þrjú ár í röð og vann þolakstursmótaröðina árið 2015 og 2016. Porsche hefur þegar hafið hönnun síns fyrsta keppnisbíls í Formula E. Mercedes Benz hefur einnig lýst yfir þátttöku í Formula E mótaröðinni.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atlib@365.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

KOSTIR OG GALLAR
**JEEP COMPASS**

- 1,4 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 170 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 148 g/km $CO_2$
**Hröðun:** Liggur ekki fyrir
**Hámarkshraði:** Liggur ekki fyrir.
**Verð frá:** 5.900.000 kr.
**Umboð:** Ís-Band

Kostir:
- Torfærugeta
- Akstursegiginleikar
- Hljóðlátur

Gallar:
- Viðkvæmar bremsur

# Glæsilegt útspil frá þeim sömu og bjuggu til jeppann

## Jeep Compass kemur nú af annarri kynslóð, er gerbreyttur og fallegri en umfram allt miklu betri bíll en forverinn. Compass er enn með frábæra torfærugetu og einnig hlaðinn nýjum og mögnuðum tæknibúnaði.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is





Jeep Compass fellur í stærð á milli hins stutta og kubbslega Renegade og hins öllu stærri Cherokee, bíls sem mikið er til af hérlendis og selst ennþá vel.

Jeep er eitt þeirra bílafyrirtækja sem gengið hefur hvað best að auka sölu sína á undanförnum árum, ekki bara í heimalandinu Bandaríkjunum heldur einnig í Evrópu og um heim allan. Jeep framleiðir einvörðungu jeppa og jepplinga sem seljast eins og heitar lummur þessa dagana. Jeep á að auki þá rós í hnappagatinu að hafa fyrst allra bílaframleiðenda framleitt hinn eina sanna jeppa, Willis, og hafið með því innreið bíla sem færir voru um að glíma við ófærur og opnaði með því leið almennings til að kanna ókunnar lendur óbyggðanna. Var það árið 1946 sem Jeep setti fyrst á markað Willisinn góða. Enn má sjá útlitseinkenni þessa fyrsta jeppa í framleiðslu Jeep-bíla nú sjötíu árum seinna og vill Jeep eðlilega halda í þessa gömlu arfleifð sem skapað hefur fyrirtækinu þessa sterku ímynd. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir að bílar Jeep eru nú fágaðir bílar með heilmikilli tækni og góðum búnaði. Það á sannarlega við nýjasta bíl Jeep, Compass, sem kemur nú af annarri kynslóð eftir áratugar endingu fyrstu kynslóðar bílsins, en hann fékk andlitslyftingu árið 2011. Jeep Compass fellur í stærð á milli hins stutta og kubbslega Renegade og hins öllu stærri Cherokee, bíls sem mikið er til af hérlendis og selst ennþá vel hér. Nú er loks komið alvöru umboð hér á landi með Jeep-bíla og Ís-Band í Mosfellsbæ selur að auki alla bíla sem Fiat Chrysler bílasamstæðan býður. Jeep Compass af annarri kynslóð var reyndur í Portúgal um daginn og það voru ekki slæm kynni.

### Drifgetan klikkar ekki hjá Jeep

Það kemur ef til vill ekki á óvart að Jeep leggi nú mikla áherslu á minni jeppa, en eftirspurn eftir slíkum bílum hefur aukist mjög á síðustu árum, og ætlar Jeep-bílnum Compass talsvert mikla sölu á ýmsum mörkuðum og mun hann víða að einhverju leyti leysa af hinn stærri Cherokee þar sem salan almennt virðist ver að sveiflast frá stærri jeppum í minni jepplinga, sem þó hafa talsverða drifgetu. Talandi um drifgetu, þá mun Jeep seint setja á markað bíla sem ekki eru færir um að glíma við erfiða slóða og heldur fast í þá ímynd sína að bjóða eingöngu bíla sem hæfir eru til slíks aksturs. Það á einnig við þennan Compass og var á það reynt í Portúgal. Þar var boðið upp á grófan slóða upp fjall nálægt vestasta tanga meginlands Evrópu. Þar fór Compass létt með að klifra upp grófan og á tíðum brattan malarveg og þar sýndi hann sínar bestu hliðar. Það kemur þó ekki í veg fyrir að Compass er afar góður og aksturshæfur bíll á malbikinu og voru lengri leiðir farnar með slíku undirlagi.



Að innan er bíllinn glæsilegur og fágaður hvert sem litið er.



Skottið er stórt og er enn stærra en það sem prýðir Jeep Cherokee.

> **Jeep Compass er eins og margur annar Jeep-bíllinn með alvöru fjórhjóladrifi og drifgetan eftir því**

### Kraftalegt ytra útlit en fágun inni

Hvað útlit snertir hefur Jeep tekist mjög vel upp við hönnun nýs Compass og er hann nú mun fríðari en forverinn. Allir bílar Jeep er reyndar fremur kubbslaga og kraftalegir, en það getur verið erfitt að teikna ekki stærri bíl en Compass en ná samt að hafa hann kraftalegan. Það hefur Jeep þó tekist með þessum bíl. Hlutföllin í bílnum eru öll svo rétt, axlarlínan flott og svo virðist sem þakið fljóti ofan á. Til að auka þau áhrif býður Jeep þakið í svörtum lit sama hvaða litur prýðir bílinn að öðru leyti og á það við allar dýrari gerðir bílsins, en ekki þá ódýrustu. Það er mjög einkennandi við Jeep-bíla nú sem fyrr að hjólaumgjörðin er ferköntuð og eykur það á kraftalegt útlitið en kemur kannski í leiðinni niður á fáguninni. Allt er þetta með vilja gert og virðist falla kaupendum í Bandaríkjunum einkar vel í geð, en einnig víðar. Þegar inn í Compass er komið blasir við öllu meiri fágun og kom það greinarritara á óvart hvað bíllinn er flottur að innan. Þar er hann lítill eftirbátur dýrari Cherokee- og Grand Cherokee-jeppanna, bæði hvað varðar efnisval og hönnun. Rými að innan er líka til fyrirmyndar. Compass er 16 cm lengri en Renegade, með 7 cm lengra á milli öxla og með 8 cm meira fótarými fyrir aftursætisfarþega. Enn athygliverðara er að flutningsrýmið í Compass er stærra en í Cherokee og því er hér kominn afar hentugur bíll til ferðalaga.

### 4 akstursstillingar og 5 í Trailhawk

Þetta meira bil á milli öxla en í Renegade eykur mjög á aksturshæfni Compass. Mjög lítils hliðarhalla gætir í beygjum, stýringin er nákvæm og þægileg, en ef yfir einhverju á að kvarta þá eru bremsurnar ferlega viðkvæmar og oft reyndist því hemlun full hastarleg. Slíkt venst þó.

Jeep Compass er eins og margur annar Jeep-bíllinn með alvöru fjórhjóladrifi og drifgetan eftir því. Að auki eru 4 akstursstillingar í Compass, Auto, Snow, Sand og Mud og í Trailhawk-útgáfu bílsins bætist við fimmta akstursstillingin, Rock Mode, og fer þá torfæruhæfnin enn batnandi.

Ekki sakar að undir lægsta punkt Compass eru 22 cm og það tryggir torfærugetuna.

Jeep býður mikið úrval véla í Compass, 1,4 lítra bensínvél í tveimur útgáfum, 140 og 170 hestafla. Þá aflminni má fá með 6 gíra beinskiptingu en þá aflmeiri eingöngu með 9 gíra sjálfskiptingu. Þá er einnig í boði 184 hestafla 2,4 lítra bensínvél. Dísilvélarnar í boði eru 1,6 lítra vél í tveimur útfærslum, 120 og 140 hestafla, þá aflminni má fá með beinskiptingu en þá aflmeiri eingöngu með 9 gíra sjálfskiptingunni.

Þá er líka í boði 2,0 lítra og 170 hestafla dísilvél með 9 gíra sjálfskiptingunni. Prófaðar voru aflmeiri 1,4 lítra bensínvélin og aflmeiri 1,6 lítra dísilvélin og reyndust þær báðar vel og skorti bílinn aldrei afl.

Það kæmi alls ekki á óvart að þessi jeppi/jepplingur yrði söluhæsta bílgerð Jeep á næstunni og víst er að einmitt þessi stærð af bílum er sú sem mest eftirspurn er eftir í heiminum í dag og það á einnig við hérlendis.




Brandenburg | SÍA

# Plug-in hybrid C 350 e.

Rafvæðing Mercedes-Benz er hafin. Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval Plug-in Hybrid bíla, sem sameina bestu eiginleika rafbílsins og bensínvélarinnar. Þeir eru allir knúnir EQ POWER
#switchtoEQ

## Verð frá 5.650.000 kr.

Bensínnotkun frá 2,1 l/100 km. Magn $CO_2$ í útblæstri frá: 48 g/km.
Rafmagnsnotkun frá: 11,0 kWh/100 km. Hestöfl: 279, hröðun 5,9s í 100km/klst.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## VOLKSWAGEN AMAROK

- 3,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 224 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 8,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 211 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,9 sek.
**Hámarkshraði:** 193 km/klst.
**Verð frá:** 7.690.000 kr.
**Umboð:** Hekla

- Afl véla
- Staðalbúnaður
- Aksturseiginleikar
- Útlit

- Ekkert lágt drif
- Engir öryggispúðar aftur í



Volkswagen Amarok pallbíllinn hefur fengið andlitslyftingu undir húddinu og er nú með heil 224 hestöfl. Þrátt fyrir aflið er eyðslan merkilega lítil.

# Fágaður kraftaköggull




**Volkswagen hefur uppfært vélakostinn í pallbílnum Amarok og nú er hægt að fá hann með hrikalega öflugri 224 hestafla 3,0 lítra dísilvél sem eyðir samt merkilega litlu. Amarok er vel búinn og góður ferðafélagi.**

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Pallbílar eru ekki bara vinsælir í henni Ameríku, þeir eru einnig vinsælir hér á landi og henta vel hérlendis, sérlega fyrir þá athafnasömu og ævintýragjörnu. Það var því ekki slæmur kostur að hafa Volkswagen Amarok sem ferðafélaga í fjallahjólaferð á Fellsströndina fyrir skömmu og gleypti þægilega stór pallur bílsins létt tvö fjallahjól og meira til. Svona bílar eins og Amarok eru einmitt einkar hentugur kostur fyrir þá sem taka hjólin með sér í för um landið. Með því að hafa þau á pallinum skitna þau ekki að neinu ráði og ef keypt er lok á pallinn er allt tandurhreint undir. Ekki þarf að efast um flutningsgetu Amarok, en hann tekur einnig 5 farþega í dual-cab útgáfunni og það fer vel um alla innanborðs. Talsvert úrval er til staðar fyrir þá sem velja sér pallbíla hér á landi, svo sem Toyota Hilux, Nissan Navara og Mitsubishi L200, auk Amarok. Að auki fer að styttast í komu pallbíls frá Mercedes Benz. Hilux, Navara og L200 komu allir af nýrri kynslóð í fyrra, en Amarok hefur fengið andlitslyftingu nýverið og mesta breytingin er fólgin í betri og aflmeiri vélum sem eyða merkilega litlu.

## Mikið afl en lítil eyðsla

Pallbílar voru hér á árum áður bæði fremur slakir akstursbílar á hefðbundnum vegum og fremur hráir er kom að innréttingu og nýjustu tækni. Nú eru breyttir tímar og pallbílar nútímans eru orðnir fágaðir bílar, flottir að innan, með nýjustu tækni og miklu nær hefðbundnum fólksbílum í akstri. Því eru þeir orðnir prýðilegur kostur jafnvel sem eini bíll heimilisins. Ekki þarf lengur að óttast háar eyðslutölur og það sannaðist vel í reynsluakstrinum á Amarok, en hann var með rétt rúmlega 8 lítra á hverja 100 km í löngum túrnum á Fellsströndina þrátt fyrir að hann væri með öflugasta vélarkostinum. Amarok-bíllinn sýndi svo sínar bestu hliðar er hann var tekinn á rúntinn á malarveginum á Fellsströndinni og inn Flekkudalinn þar sem vegurinn var orðinn að ógn fyrir fólksbíla. Þar kom fimi og liðleiki bílsins vel í ljós og ekki skemmdi mikið afl bílsins fyrir, en undir húddinu leyndist 3,0 lítra dísilvél, 224 hestafla með 550 Nm togi. Hún tengist við frábæra 8 gíra sjálfskiptingu. Þessi skipting er með afar lágt gíruðum

> **Pallbílar voru hér á árum áður bæði fremur slakir akstursbílar á hefðbundnum vegum og fremur hráir er kom að innréttingu og nýjustu tækni. Nú eru breyttir tímar**

Fasteignir.is

Vísir.is Fréttablaðið

32. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 8. ÁGÚST 2017

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
Landmark leiðir þig heim!
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
Sveinn Eyland Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
Kristján Ólafsson Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309
Eggert Maríuson Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir skjalagerð
Benedikt Ólafsson Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788
Nadia Katrín Sölufulltrúi Sími 692 5002
Helga Snorradóttir Skjalavinnsla
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali Sími 895 7784
Ingibjörg Agnes Jónsdóttir Sölufulltrúi Sími 897 6717
Jóhanna Gustavsdóttir Sölufulltrúi Sími 698 9470

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari 896 5222
Heiðar Friðjónsson Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356
Herdís Valb. Hölludóttir Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali 694 6166
Úlfar F. Jóhannsson hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477
Pétur SteinarJóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718
Anna F. Gunnarsdóttir. Lita og innanhús Stílisti. Löggiltur fasteignasali 892 8778
Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083

Framúrskarandi fyrirtæki 2015-2016
VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995
Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!
Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530
• berg@berg.is - www.berg.is
• GSM 897 0047
Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is

# Sjarmerandi hús í Hafnarfirði

**Fasteignasalan TORG kynnir: Fallegt og gott 205,6 fm (ca. 240 fm grunnflötur) einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð í miðbæ Hafnarfjarðar.**



Fallegt einbýlishús í Hafnarfirði er til sölu hjá Torgi, fasteignasölu.

Glæsilegur garður og timburverönd sem stallast upp um hraunið er út frá stofu. Húsið er almennt í góðu ástandi. Stutt í alla helstu þjónustu.

***Neðri hæð:*** Forstofa með dökkum flísum á gólfi. Frá forstofu er gengið niður og þar er stórt fataherbergi. Gestabaðherbergi er inn af forstofu. Þegar komið er inn úr forstofunni er arinstofa sem leiðir inn í stofu, eldhús/borðstofu. Á gólfi eru flísar. Útgengi á verönd-ina/garðinn. Eldhúsið er rúmgott með góðu skápaplássi. Innrétting er hvít fulningainnrétting og nýtur sín vel í húsinu. Límtrésborðplata og stáltæki. Flísalagt er milli skápa. Borðstofa er inn af eldhúsi með flísum á gólfi. Við hliðina á gestasnyrtingu er þvottahús með flísum á gólfi og innréttingu.

***Efri hæð:*** Baðherbergið er á gangi hjá svefnherbergjum. Hvít innrétting. Veggir eru flísalagðir kringum baðkar sem er með sturtu aðstöðu. Opnanlegur gluggi. Hjónaherbergið er rúmgott með viðarþiljum á gólfi og fataskáp. Tvö barnaherbergi, rúmgóð með skápum.

***Neðri hæð (aukaíbúð):*** Hvítar innréttingar í eldhúsi. Stofa er rúmgóð og er íbúðinni stillt upp sem stúdíóíbúð. Baðherbergi með sturtu. Geymsla er hluti af bílskúrnum sem skráður er á eignina en búið er að skipta honum upp í geymslu og hluta aukaíbúðarinnar.

Um er að ræða fallegt hús á frábærum stað í miðbæ Harnarfjarðar sem býr yfir miklum sjarma.

Allar nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm lögg.fasteignasali í síma 899-8811 eða gardar@fstorg.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2015-2016
HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Sími 520 7500
Stofnað 1983



Við kunnum að meta fasteignina þína
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali
Guðbjörg Guðbjörnsdóttir lögg. fasteignasali
Hlynur Halldórsson lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Hildur Loftsdóttir ritari
Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132

## Hverafold 70, 112 Rvk. Einbýli á einni hæð.
### OPIÐ HÚS ÞRI 8. ÁGÚST KL. 16:30-17:00.




Hverafold 70: 182 fm einbýli á einni hæð með bílskúr á frábærum stað við Hverafold. Húsið er vel skipulagt með sólstofu og einstaklega fallega grónum garði og skjólgóðum palli. Bílskúr fylgir og í hluta hans er rúmgott herbergi með snyrtingu.

**Verð 69,9 millj.**

**Opið hús þriðjudaginn 8. ágúst kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Spítalastígur 10, 101 Rvk., Hæð í risi m/svölum.
### OPIÐ HÚS ÞRI 8. ÁGÚST KL. 16:30-17:00.




Falleg 2ja-3ja herbergja rishæð á frábærum stað við Óðinstorg.

Skiptist í rúmgóða stofu, svefnh. og annað minna herbergi. Opið eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmgóðar svalir eru með íbúðinni og skjólgóð og hugguleg útiaðstaða.

**Opið hús þriðjudaginn 8. ágúst kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

**Verð 35,9 millj.**

## Hraunbær 180, 110 Rvk., 5 herbergja.
### OPIÐ HÚS MIÐ 9. ÁGÚST KL. 16:30-17:00.




Hraunbær 180, 2. hæð: Góð 107,4 fm, fimm herbergja íbúð á annarri hæð. Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag. Íbúðin er staðsett á frábærum stað ofarlega í Árbæ, stutt í sund og alla þjónustu.

**Verð 36,9 millj.**

**Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Kvíslartunga, 270 Mosfellsbæ.
### GLÆSILEGT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ.




225 fm. stórglæsilegt einbýli á einni hæð á góðum, skjólgóðum stað við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Húsið er einstaklega glæsilegt og vandað í alla staði. Heitur pottur á skjólgóðri veröndinni.

Arkitekt hússins er Guðmundur Gunnlaugsson.

Bókið skoðun á skrifstofu Foldar.

**Verð 94,9 millj.**

## Barðaströnd.
### RAÐHÚS VIÐ SJÁVARSÍÐUNA Á SELTJARNARNESI




Rúmlega 221 fm. vel skipulagt, talsvert endurnýjað raðhús á frábærum stað við sjávarsíðuna á Seltjarnarnesi. Á neðri hæð eru 4 svefnherbergi, fallegt endurnýjað baðherbergi, vinnuherb., bílskúr o.fl. Á efri hæð stofur með arni, eldhús, gestasnyrting og stórar útsýnissvalir. Skjólgóður pallur og garður er við húsið.

Bókið skoðun hjá Fold 552-1400, fold@fold.is.

## Kleppsvegur 140, 104 Rvk.
### AUKAHERBERGI TIL ÚTLEIGU.




Kleppsvegur 140. Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í lítilli blokk.

Rúmgóð stofa með útgengi á stórar svalir. Eldhús með sérsmíðaðri innréttingu, þvottaherbergi inn af eldhúsi. Aukaherbergi til útleigu í kjallara með aðgengi að baðherbergi.

**Verð 47,5 millj.**

## Lindargata 27, 101 Rvk.
### ÍBÚÐ 701 + BÍLSKÚR




Lindargata 27, íbúð 701:

Glæsileg 195,5 eign á 7. hæð Endaíbúð með frábæru útsýni í þrjár áttir. Allur frágangur vandaður og íbúðin mjög björt og vel hönnuð. Gott innra skipulag. Parket og flísar á gólfum. Tvö baðherbergi, bílskúr og rúmgóð geymsla. Afhending við kaupsamning. Sýnum íbúðina samdægurs.

**Verð 115 millj.**

## Barmahlíð 49, 105 Rvk.
### SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR.




Barmahlíð 49 :

Vel skipulögð og falleg íbúð á 1. hæð á góðum stað við Barmahlíð. Tvær stofur og tvö svefnherbergi. Sérinngangur, suðursvalir og góður garður. Sérstæður bílskúr.

Húsið er nýlega steinað að utan og litur eignin mjög vel út.

**Verð 55 millj.**

## Óskum eftir

### Íbúðareigendur / leigusalar

**Óskum eftir íbúðum til leigu í úthverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila.**

**Traustar greiðslur, langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Hvað kostar eignin mín?

**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is





# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**


**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**











Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

### *Hátún 6B. 4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag
frá kl. 17.15 – 18.00

Virkilega falleg og mikið endurnýjuð 129,2 fm. endaíbúð á 3. hæð með gluggum í þrjár áttir að meðt. sér geymslu. Sér bílastæði er í opnu bílskýli. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. vikum, m.a. er nýtt harðparket á öllum gólfum, ný innrétting er á baðherbergi og íbúðin er öll nýmáluð hið innra. Öll svefnherbergin eru mjög rúmgóð og öll með fataskápum. Stofan er stór og nýtur útsýnis að Esjunni og Akrafjalli. Stórar flísalagðar svalir til vesturs útaf stofu.

**Verð 52,9 millj.**

### *Sólvallagata 74. 4ra herbergja íbúð – suðursvalir.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag
frá kl. 18.15 – 18.45

Falleg og vel skipulögð 100,6 fm. íbúð á 3. hæð að meðt. sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturborginni. Samliggjandi bjartar og skiptanlegar stofur með flotuðu og lökkuðu gólfi. Tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með fallegum uppgerðum innréttingum. Suðursvalir.

Húsið að utan þarfnast viðgerða og er verið að ráðast í þær. Seljandi eignarinnar greiðir fyrir fyrirhugaðar utanhússviðgerðir.

**Verð 47,9 millj.**

### *Hólahjalli – suðurhlíðar Kópavogs. Einbýlishús á einstökum útsýnisstað.*



Vandað og glæsilegt 374,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, að meðtöldum tvöföldum bílskúr, á einstökum útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Eignin stendur efst og innst neðan við götu sem er lokuð og róleg botngata, og vísar á móti suðri. Allar innréttingar, gólfefni og loftaklæðningar eru afar vandaðar úr kirsuberjaviði. Á efri hæð hússins er mjög mikil lofthæð og innfelld lýsing í loftum. Mögulegt væri að gera aukaíbúð í hluta neðri hæðar hússins.

**Húsið er teiknað af Hildigunni Haraldsdóttur og fékk hönnunarverðlaun Kópavogs árið 1994.**

**Verð 139,9 millj.**

### *Háteigsvegur. Parhús – góð staðsetning.*



Fallegt og vel skipulagt 200,3 fm. parhús á þremur hæðum og með tvennum svölum við Háteigsveg, gegnt Háteigskirkju. Sérstæður 30,4 fm. bílskúrs. Rúmgóðar og bjartar stofur með útgengi á suðursvalir. Hjónaherbergi með útgengi á suðursvalir. Stórt eldhús. Mögulegt er að setja sérinngang á kjallara og útbúa litla íbúð. Húsið að utan var múrviðgert og málað árið 2013 og útitröppur voru lagfærðar árið 2016.
Húsinu fylgir sérafnotaflötur vesturhluta lóðarinnar, samtals 51,8 % af heildarlóðinni, sem er 842,0 fm. að stærð. Baklóðin er með stórri tyrfðri flöt og fallegum trjágróðri. Eigninni fylgir sér bílastæði fyrir framan bílskúr.

**Verð 89,9 millj.**

### *Vatnsstígur 14. Glæsileg 4ra herbergja íbúð – laus strax.*



Glæsileg og vel skipulögð 129,2 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. sér geymslu. Tvö baðherbergi, suðursvalir og frábært útsýni á þessum eftirsótta stað í Skuggahverfinu. Sér bílastæði í bílageymslu. Aðeins tvær íbúðir eru á hverri hæð hússins og því eru gluggar í þrjár áttir á íbúðinni. Setustofa með gluggum til austurs og norðurs. Borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Eldhús með fallegum eikarinnréttingum. Tvö herbergi.

**Mynddyrasímakerfi er í húsinu.**
**Íbúðin er fullbúin með gólfefnum og er laus til afhendingar strax.**

**Verð 79,9 millj.**

### *Kambsvegur - 6 herbergja sérhæð ásamt bílskúr.*



Afar falleg 160,4 fm. sérhæð, miðhæð að meðtöldum 30,8 fm. bílskúr í fallegu steinsteyptu húsi, teiknuðu af Kjartani Sveinssyni.

Eldhús með gluggum til norðurs og vesturs. Rúmgóð stofa og borðstofa með stórum gluggum og svölum til suðurs. Fjögur herbergi. Húsið er afar fallegt og lítur vel og að utan. Það hefur verið endurnýjað í tveimur áföngum. Húsið var málað árið 2011. Lóðin er vel hirt og í rækt.

Staðsetning eignarinnar er afar góð, stutt í Laugardalinn, íþróttasvæði og sundlaug.

**Verð 64,9 millj.**

### *Heilsárshús í landi Snæfoksstaða, Grímsnesi.*



Glæsilegur sumarbústaður/heilsárshús á 12.600 fm. leigulóð við Snæfoksstaði í Grímsnesi. Hitaveita er í húsinu og á svæðinu öllu. Húsið er um 105 fm. að stærð og er staðsetning þess utan í hól þar sem gengið er inn og þannig verður eldhús og stofa neðar og meira skjól fyrir framan húsið. Húsið er á einni og hálfri hæð og allt að 6 metra lofthæð er í því. Að auki er mannhæðar hár kjallari staðsettur undir hluta efri hæðar. Gólfhiti er í öllu húsinu. Húsið er klætt að utan með steinull og þar yfir brasilískur harðviður Cumaru. Pallur úr sama harðvið umlykur húsið sunnan, austan og norðanvert. **Hönnuður hússins er Baldur Svavarsson arkitekt.**

**Verð 39,9 millj.**

### *Sumarhús – Miðfellsland, Bláskógabyggð.*



37,9 fm. sumarbústaður á 5.000 fm. eignarlóð í Miðfellslandi, Bláskógabyggð, með útsýni yfir Þingvallavatn.

Húsið hefur nýlega verið mikið endurnýjað hið innra og er í góðu ástandi. Húsið að utan og gluggar eru nýmáluð. Vatnslagnir og hitakútur voru endurnýjuð í sumar. Landið er girt, vaxið kjarri, birkitrjám og lyngi. Timburverönd er á tvo vegu með glerjuðum skjólveggjum.

Bústaðurinn stendur á steyptum stöplum og er klæddur lóðréttri timburklæðningu. Bárustál er á þaki.

**Verð 14,5 millj.**

### *Mýrargata. 2ja herbergja íbúð með sjávarútsýni*



Vönduð 67,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu. Svalir til austurs og sjávarútsýni auk sér bílastæðis í bílageymslu. Gólfhitakerfi er í íbúðinni og gólfsíðir gluggar að hluta. Opið eldhús við stofu, björt stofa og rúmgott svefnherbergi. Frá svölum er útsýni yfir höfnina, að Esjunni og víðar. Bæði er aðkoma að húsinu frá Mýrargötu um sameiginlegan aflokaðan hellulagðan garð þaðan sem sérinngangur er í íbúðina og einnig er aðkoma um stigahús norðan við húsið þaðan sem lyfta er upp á íbúðarhæðina. **Staðsetning eignarinnar er á svæði þar sem framtíðar bryggjuhverfi Reykjavíkur mun rísa "Vesturbugt" og er eignin í góðu göngufæri við fjölda veitingastaða, verslanir og þjónustu.**

**Verð 44,9 millj.**

### *Naustabryggja – 3ja herbergja íbúð*



Vel skipulögð 103,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu.

Gluggar í þrjár áttir. Rúmgóðar flísalagðar svalir til suðvesturs. Sér bílastæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu með aðgengi að þvottastæði. Stofa með gólfsíðum gluggum, nýtt sem setustofa og borðstofa. Tvö rúmgóð herbergi. Húsið að utan er klætt með áli, viðhaldslítið.

Stigahús er allt nýendurnýjað með nýjum teppum á stigum og nýmálað.

**Laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 44,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali* · **Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri* · **Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri* · **Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali* · **Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari* · **Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali* · **Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., lögg. fasteignasali* · **G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali* · **Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Davíð Jónsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri* · **Elín Þorleifsdóttir** *Ritari* · **Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari* · **Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## HVASSALEITI 70, 103 REYKJAVÍK








Frábærlega vel staðsett 214.3 fm parhús á tveimur hæðum byggt 1985. Innbyggður bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Arinn í stofu. Tvennar svalir. Góðar innréttingar. Sólskáli. Mjög góður ræktaður garður. Einstaklega góður staður rétt við Kringluna og steinsnar í góða skóla og aðra þjónustu.

**Opið hús fimmtudaginn 10. ágúst milli 17:15 og 17:45.**

**V. 81,9 m.**

## HJALLAVEGUR 27,104 REYKJAVÍK






76.3 fm 3ja herb. neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö svefnherbergi. Endurnýjað baðherbergi. Gengið úr stofu út í bakgarð hússins. Endurnýjaðar frárennslislagnir. Hús endursteinað og skipt um glugga og gler fyrir nokkrum árum ásamt því að þak var endurnýjað. **Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst milli 17:15 og 17:45. V. 34,9 m.**

## KIRKJUTEIGUR 15
### 105 REYKJAVÍK



Falleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Kirkjuteig í Reykjavík.

Stofa og tvö herbergi. Stór og góður sameiginlegur garður. Eignin er skráð 67,6 fm þar af eru tvær geymslur samtals 3,4 fm. Um er að ræða fallega eign á skjólsælum stað í Laugardalnum.

**V. 34,9 m.**

## ESKIHLÍÐ 14
### 105 REYKJAVÍK



4ra herbergja 84,4 fm íbúð í kjallara á þessum vinsæla stað í hlíðunum.

Stofa og þrjú herbergi. Geymsla innan íbúðar. Stutt í miðbæinn og alla helstu þjónustu. Íbúðin getur verið laus fljótlega.

**V. 32 m.**

## DALALAND 7, 108 REYKJAVÍK






Falleg 79,5 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Dalaland í Fossvogi. Íbúðin er upprunalega teiknuð sem 4ra herbergja. Björt stofa með útgangi á rúmgóðar suðursvalir. Tvö herbergi með skápum. Um er að ræða fallega eign í vel viðhöldnu húsi á eftirsóttum stað.

**Opið hús fimmtudaginn 10. ágúst milli 17:15 og 17:45. V. 43,9 m.**

## BERGSTAÐASTRÆTI 40
### 101 REYKJAVÍK




Sérbýli á einni hæð með sér inngang við Bergstaðastræti í miðbænum. Eignin er tengd annarri byggingu og hefur verið endurnýjuð mikið síðustu ár bæði að innan og utan. Lítil timburverönd er baka til. Verið er að endurnýja heildareignina að utan og mun seljandi klára þann kostnað. Hentar vel til útleigu.**Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst milli 17:00 og 17:30.**

**V. 29,9 m.**

## KLEPPSVEGUR 134
### 104 REYKJAVÍK




Þriggja herbergja 77,4 fm íbúð á 6. hæð með glæsilegu útsýni í vel staðsettu lyftuhúsi í austurborginni. Góðar suðursvalir. Endurnýjaðir gluggar og gler í íbúðunum. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Opið hús þriðjudaginn 8. ágúst milli 17:15 og 17:45.**

**V. 34,9 m.**

## ÞÓRÐARSVEIGUR 19
### 113 REYKJAVÍK



126.5 fm 5 herb. íbúð á 3.hæð við Þórðarsveig 19 í fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílageymslu. Fjögur svefnherbergi. Parket. Sérþvottahús innan íbúðarinnar. Íbúðin er laus við kaupsamning. Sjá nánar inná eignamidlun.is.

**Bókið skoðun hjá: Brynjari Þ. Sumarliðasyni lg. fasteignasala s. 896 1168 eða Þórarni M. Friðgeirssyni lg. fasteignasala s. 899 1882. V. 49,5 m.**

## VEGHÚS 15
### 112 REYKJAVÍK



4ra herb. samtals 125.1 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin er skráð 105 fm og bílskúr 20,1 fm. Þrjú svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar. Góðar svalir. Fallegur ræktaður garður með leiktækjum. Íbúðin er laus við kaupsamning. Sjá nánar inná eignamidlun.is. **Bókið skoðun hjá: Þórarni M. Friðgeirssyni lg. fasteignasala s. 899 1882 eða Brynjari Þ. Sumarliðasyni lg. fasteignasala s. 896 1168. V. 44,9 m.**

## ÁLFHOLT 56C
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



Góð og vel skipulögð 66,1 fm íbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi við Álfholt 56C, með góðu útsýni.

Svalir eru útaf stofu til suðurs. Parketlagt opið rými þar sem er eldhús með góðri innréttingu, parketlögð borðstofa og stofa

**V. 29,9 m.**

## ARNARKLETTUR 30
### 310 BORGARNES



4 herb.109,4 fm endaíbúð á 3.hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Arnarklett 30 í Borgarnesi. Sér inngangur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stórar svalir með mjög góðu útsýni til fjöru og fjalls. Hús byggt 2007.

Mjög góð staðsetning í Borgarnesi.

**V. 31,9 m.**

## BREKKUÁS 9, 210 GARÐABÆR




Glæsilegt, vel skipulagt einbýlishús á fallegum útsýnisstað efst í Ásahverfi í Garðabæ. Virkilega björt og falleg eign á þessum eftirsótta stað. Húsið er 286,4 fm auk ca. 20 fm óskráðs rýmis, alls um 306 fm þar af er bílskúr 39,5 fm. Fallegur og gróinn garður með stórum palli og heitum potti. Húsið er teiknað af EON arkitektum. **V. 134 m.**

## HRAUPRÝÐI 9
### 210 GARÐABÆ



Fallegt nýtt 232,7 fm einbýlishús á einni hæð, þar af 36,5 fm bílskúr í fallegu náttúrulegu umhverfi í Garðahrauni. Arkitekt Halldóra Vífilsdóttir. Verkfræðihönnun TÓV verkfræðistofa ehf. Glæsilegt hús sem skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, geymslu og bílskúr. Húsið afhendist tilbúið til lokainnréttinga. Skilalýsing á skrifstofu Eignamiðlunar. **V. 94,0 m.**

## VATNSSTÍGUR 21
### 101 REYKJAVÍK



Glæsileg 121 fm 3ja herbergja íbúð við Vatnsstíg 21 í Skuggahverfinu í Reykjavík. Íbúðin er staðsett á 1. hæð og með svalir/verönd til suðurs. Innréttingar eru sérsmíðaðar og gólfefni eru sérvalin. Íbúðin er með hærri lofthæð en almennt gerist. Sjá nánari inná eignamidlun.is. **V. 69,9 m. Nánari uppl veitir: Hilmar Þ. Hafsteinsson lögg. fasteignasali. s. 824 9098.**

## AÐALÞING 5, 203 KÓPAVOGUR





Sérstaklega vandað og vel staðsett 409 fm einbýlishús, þar af 60 fm bílskúr. Um er að ræða steinsteypt tveggja hæða hús klætt að með marmaraflísum og timburklæðningu að hluta. Mikil lofthæð og falleg hönnun gerir þetta hús mjög bjart og skemmtilegt. Vandaðar innréttingar og tæki. **Opið hús fimmtudaginn 10. ágúst milli 17:00 og 17:30. V. 140 m.**

## SKÓGARVEGUR 12A, 103 REYKJAVÍK




Glæsileg ný 3ja herbergja 111,6 fm íbúð á 1. hæð við Skógarveg í Fossvogi. Íbúðin skiptist m.a. í samliggjandi stofu og eldhús, tvö herbergi, baðherbergi og þvottahús. Sér geymsla. Bílastæði í bílageymslu fylgir. Vandaðar innréttar og tæki. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 62,8 m. Bókið skoðun hjá: Brynjari Þór lg. fasteignasala s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is eða Hilmari Þór lg. fasteignasala s. 824 9098.**

## LÆKJARÁS 4
### 210 GARÐABÆR



221.1 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 52 fm bílskúr við Lækjarás 4 í Garðabæ. 5-6 svefnherbergi. Stór garður. Svalir af efri hæð. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning. Sjá nánar inná eignamidlun.is. **Bókið skoðun hjá: Þórarni M. Friðgeirssyni lg. fasteignasala s. 899 1882 eða Andra Guðlaugssyni lg. fasteignasala s. 662 2705.**

**V. 68,9 m.**

## SVÖLUÁS 12
### 221 HAFNARFJÖRÐUR



Vel skipulagt 212,5 fm 6 herbergja parhús með bílskúr í Áslandi í Hafnarfirði. Húsið er á tveimur hæðum. Stofa, borðstofa, sólstofa og fjögur herbergi. Fallegt útsýni. Húsið er laust við kaupsamning. Sjá nánar inná eignamidlun.is. Lyklar á skrifstofu. **Bókið skoðun hjá: Andra Guðalaugssyni lg. fasteignasala s. 662 2705, andri@eignamidlun.is.**

**V. 69,5 m.**

## HOLTSVEGUR 39
### 210 GARÐABÆR



Til sölu tvær fallegar fullbúnar penthouse íbúðir með miklu útsýni og góðum þaksvölum við Holtsveg 37-39. Stærð frá 91,2 fm til 100 fm. **Verð frá 65,9 m. - 69,9 m.** Íbúðirnar eru lausar við kaupsamning.

**Bókið skoðun hjá: Brynjari Þór löggiltum fasteignasala s.896 1168, brynjar@eignamidlun.is.**

## MÁNATÚN 13
### 105 REYKJAVÍK



Falleg 3ja herbergja 120,5 fm horníbúð á 1. hæð í nýju glæsilegu lyftuhúsi við Mánatún 13 í Reykjavík. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Bókið skoðun hjá: Brynjari Þór löggiltum fasteignasala s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is.**

**V. 54,5 m.**

## EFSTALEITI 14
### 103 REYKJAVÍK



137.2 fm 4 herb. íbúð á 2. hæð í einstaklega vel staðsettu fjölbýlishúsi við Efstaleiti. Stæði í góðri bílageymslu. Stórar suðvestursvalir. Tvö svefnherb, tvær stofur, eldhús, bað og snyrting. Einstaklega góð sameign þar sem m.a má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsrækt, veislusal og fl. Húsvörður er í húsinu. Laus fljótlega.

**V. 67,9 m.**

## SKÚLAGATA 40B
### 101 REYKJAVÍK




Falleg og vel um gengin 109,3 fm fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Skúlagötu í Reykjavík. Eigninni fylgir rúmgott stæði í bílageymslu. Íbúð er skráð 87,3 og bílastæði í 22 fm. Íbúð fyrir 60 ára og eldri.

**Opið hús fimmtudaginn 10. ágúst milli 16:15 og 16:45.**

**V. 45,9 m.**

## VEFARASTRÆTI 7-11, 270 MOSFELLSBÆR




Glæsileg 5 herbergja 125,3 fm ný íbúð við Vefarastræti 7-11 í Mosfellsbæ. Um er að ræða fullbúna íbúð án megin gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, fjögur herbergi, baðherbergi/þvottahús og geymslu. **Nánari uppl. veita: Daði Hafþórsson aðst.m. fasteignasala s. 824 9096 eða Brynjar Þór lg. fasteignasali s. 896 1168. V. 54,5 m.**

## HVASSALEITI 58, 103 REYKJAVÍK




Mjög falleg og mikið endurnýjuð 114 fm endaíbúð á 3. hæð í Hvassaleiti 58 í VR blokkinni. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, svefnherbergi, vinnuherbergi/sjónvarpshol, baðherbergi og forstofu. Svalir eru útaf stofu. Um er ræða íbúð fyrir eldri borgara og rekur Reykjavíkurborg þjónustumiðstöð á jarðhæð hússins. **V. 59,5 m.**

## VATNSHLÍÐ 11
### 311 BORGARBYGGÐ



43,2 fm sumarbústaður ásamt aukahúsi samtals skráðir 62.4 fm við Vatnshlíð 11 Borgarbyggð. Húsið stendur á leigulóð í landi Helgafells í Borgarfirði í rétt rúmlega 75-80 mínutna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Ræktuð falleg lóð með veröndum. Stórt sameiginlegt leik og samverusvæði, sílavatn og einstaklega gott umhverfi. Selst með innbúi. Lítill aukageymsluskúr fylgir.

**V. 14,5 m.**

## LÆKJARBREKKA 49
### 801 SELFOSS



Lækjarbrekka 49, glæsilegur sumarbústaður á einstaklega góðum stað í Grímsnes og Grafningshreppi. Húsið er bjálkahús 97,2 fm að stærð á steyptum sökkli og er steypt plata og hiti í gólfi. Húsið er hæð og ris. 4 svefnherbergi. Kamína, heitur pottur og góð verönd. Eignarlóð 1/2 hekt. Mjög góð staðsetning.

**V. 29,8 m.**




Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á ff.is eða fasteignir.is




FÉLAG FASTEIGNASALA

Stofnað 1983

Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á ff.is eða fasteignir.is

Fasteignasalan
# GARÐUR
## 562-1200



Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 892-2916
sveinbjorn@fastgardur.is



Halldór Freyr Sveinbjörnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 693-2916
halldor@fastgardur.is

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - www.fastgardur.is



# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:
- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is



ÞINGHOLT FASTEIGNASALA
Viðar Marinósson
Löggiltur fasteignasali



Sigrún Ragna
Sölumaður, nemi til lögg. fast.
gsm 773 7617
sigrun@tingholt.is



Viðar
Lögg. fasteignasali
vidar@tingholt.is

## Norðurhóp 56, 240 Grindavík




OPIÐ HÚS

**Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst 2017 kl. 16.30-17.00**
Sérlega flott 221 fm raðhús á tveimur hæðum þar af bílskúr 31,4 fm. Alrými eignarinnar er opið og bjart með mikilli lofthæð. 3 stór svefnherbergi með góðum skápum 2 baðherbergi. Parket og flísar á gólfum, gólfhiti. Stutt í skóla og íþrótta mannvirki. Eign sem vert er að skoða .**Verð 48.000.000**
**Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Sigurðardótttir**
**sími 7737617 sigrun@tingholt.is**

## Sólvellir 1, 240 Grindavík




OPIÐ HÚS

**Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst kl. 17.30-18.00**
197,4 fm. Einbýlishús þar af er bílskúr 52,9 fm. 5 svefnherbergi flísar og parkett á gólfum. Fallegur og gróin garður Stór pallur með heitum potti . Pallurinn er afgirtur með góðum skjólgirðingum einnig er öll lóðin afgirt með háum skjólgirðingum. Einbýlishús sem vert er að skoða. Stutt í skóla íþróttamannvirki og alla þjónustu.
**Verð 46.900.000.**
**Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Sigurðardóttir**
**s. 7737617 sigrun@tingholt.is**

## Norðurvör 2, 240 Grindavík




OPIÐ HÚS

**Opið hús miðvikudaginn 9. ágúst 2017 k. 18.30-19.00**
Húsið er 181 fm. Auk 2o fm óskráðs rýmis alls um 200 fm þar af bílskúr 35,5 fm Húsið er timburhús sem hefur verið vel við haldið gegnum árin. Flísar og parkett á gólfum . Svefnherbergin eru fjögur. Skipt um alla glugga fyrir þremur árum, nýir ofnar Lokað kerfi. Innangengt í bílskúr. Bakgarðurinn er girtur af með hárri skjólgirðingu. Garðurinn er ævintýri líkastur. Sjón er sögu ríkari. Húsið er á allan hátt glæsilegt utan sem innann. **Verð 42.000.000**
**Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Sigurðardóttir**
**sími 7737617 sigrun@tingholt.is**

**Aðeins 25 mínutna akstur til Grindavíkur frá Hafnafirði.**
**Einbýlishús í stað lítillar blokkaríbúð á Reykjavíkursvæðinu.**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 512 3600 | tingholt.is



# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# BÍLAR







fyrstu tveimur gírunum og kemur það nánast í stað lágs drifs sem ekki er til staðar í Amarok. Því klifrar bíllinn mjög vel í mikilli ófærð og hefur mikið tog í lægstu gírunum.

## Þrír dísilvélakostir

Fá má Amarok með sömu 3,0 lítra dísilvélinni með minna afli, eða 204 hestöfl og sparast með því 550.000 kr. Einnig má fá ódýrustu gerð Amarok með 2,0 lítra dísilvél sem er 140 hestöfl og kostar bíllinn þá aðeins 5.840.000 kr. Reynsluakstursbíllinn með sinni öflugu 224 hestafla vél kostar hins vegar 7.690.000 kr. Þá er líka um að ræða ferlega vel útbúinn kraftabíl og þann langöflugasta í sínum flokki bíla sem hér bjóðast. Það sem kom einna mest á óvart í reynsluakstri Amarok var hve gott var að aka honum á malbikinu og hve vel hann fór með allmikinn






hraða og eyddi ekki miklu meira fyrir vikið. Amarok er sannarlega frábær ferðafélagi á lengri ferðum og sætin í honum það góð að eftir stanslausan 2 klukkustunda akstur varð ekki vart við óþægindi eða þreytu ökumanns. Annað sem bæði kom mikið á óvart og jók mjög ánægjuna í akstrinum var hve hljóðlátur bíllinn er. Hljóð sem berst inn í bílinn er minna en í flestum dýrum fólksbílum, geri aðrir betur.

## Merkilega vel búinn

Það kemur hreinlega á óvart hve þessi pallbíll er orðinn vel búinn og meðal staðalbúnaðar má nefna hita í framsætum, tvískipta tölvustýrða loftkælingu, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, Bluetooth, 18" álfelgur, sjálfvirkan vélarhitara (Webasto) og regn- og birtuskynjara. Í Highline Plus útfærslunni eru LED aðalljós og bakkmyndavél.

Amarok er því enginn eftirbátur dýrari fólksbíla er kemur að búnaði og nýjustu tækni. Svo má líka gera Amarok eiginlega eins og lúxusbíl með leðri í öllum sætum og þá fylgja einnig fjölstillanleg rafstýrð framsæti. Þá þarf reyndar að bæta við 650.000 kr. Er þá hægt að tala um lúxuspallbíl sem setur ný viðmið í sínum flokki. Greinarritari hefur hingað til ekki verið neinn sérlegur aðdáandi pallbíla, en reynslan af akstri þessa afar fágaða pallbíls frá Volkswagen hefur hugsanlega breytt því. Þessi bíll er eiginlega draumur þess sem leitar að ævintýrum á torfærari vegum landsins og þangað fer Amarok með farþega sína með stæl. Engu skiptir hve mikill farangur er með í för, Amarok rúmar hann allan. Vitneskjan um 50 cm vaðdýpt bílsins eykur svo á öryggistilfinninguna ef fara þyrfti yfir eina eða tvær af ám okkar fagra lands.



# Land ofurbíla og hönnunar

**Á síðustu þremur árum hefur á þessum vettvangi verið fjallað um þátt Japans, Þýskalands, Bandaríkjanna, Frakklands og Bretlands í bílasögu heimsins og rétt að ljúka þessu greinasafni á hönnunarlandinu Ítalíu enda hafa margir ítalskir bílar orðið öðrum frægari vegna hönnunarinnar.**



Lamborghini Countach sem þykir ein fallegasta bílahönnun sögunnar. Frægari plakatbíl er erfitt að finna.

Ítalía
Sindri Snær Thorlacius

Fyrsti maðurinn, sem datt í hug hugmyndafræðin á bak við sjálfrennireiðina, var einn frægasti Ítali allra tíma, Leonardo da Vinci. Árið 1478 teiknaði hann hugmyndina að fyrsta bílnum sem drifinn var áfram af fjöður sem trekkja þurfti upp áður en í ferð skyldi halda, en ferðin yrði þó aðeins 40 metra löng áður en trekkja þyrfti fjöðrina upp aftur. Snilldin við hönnun hans var framúrstefnuleg stýring sem hægt var að forstilla fyrir ferðina, þ.e.a.s. að bíllinn myndi beygja til hægri eða vinstri eftir ákveðið marga metra. Það mætti segja að þetta hafi einnig verið fyrsta hugmyndin að forritanlegu tæki.

## Brunahreyfillinn

Fyrstu eiginlegu bílarnir voru gufudrifnir, ópraktískir, stórir og þungir. Árið 1852 hönnuðu Ítalirnir Eugenio Barsanti og Felice Matteucci fyrsta brunahreyfilinn, sem svipar til þeirra véla sem við þekkjum í bílum í dag. Rétt fyrir aldamótin 1900 hófu fyrstu ítölsku bílaframleiðendurnir störf undir nokkrum áhrifum frá frönskum brautryðjendum. Fyrsti framleiðandinn er talinn vera Stefanini-Martina árið 1896 en á þessum tíma voru allir bílaframleiðendur mjög litlir og framleiðsla lítil enda voru bílar í þá daga algjör munaðarvara. Um aldamótin 1900 voru margir minni bílaframleiðendur á Ítalíu sem hurfu ýmist í heimsstyrjöldunum tveimur eða í kreppunni á áttunda áratug síðustu aldar.

## Stóru merkin urðu til

Það var ekki fyrr en FIAT var stofnað af fjárfestum með öldungaráðsmanninum Giovanni Agnelli í fararbroddi árið 1899 í Tórínó að hjólin fóru að snúast af alvöru. Þremur árum síðar vann FIAT sinn fyrsta kappakstur með aðstoð ökuþórsins Vincenzo Lancia sem síðar átti eftir að stofna sitt eigið fyrirtæki. FIAT náði skjótt árangri og árið 1910 var það með yfirhöndina á markaðnum á Ítalíu og hefur haft hana síðan ásamt því að hafa verið eitt stærsta iðnaðarveldi heims á sínum tíma.

Lancia Automobiles var stofnað árið 1906 af ökuþórunum Vincenzo Lancia og Claudio Fogolin. Lancia þótti framúrstefnulegur framleiðandi og var leiðandi í þróun ýmiss búnaðar. Bílar þeirra voru fyrst um sinn dýrir lúxusbílar. Í fyrri heimsstyrjöldinni reyndust stríðsvélar sem Lancia framleiddi ótrúlega sigursælar.

ALFA (Anonima Lombarda Fabbrica Automobili) var stofnað í Mílanó árið 1910 sem undirmerki franska bílaframleiðandans Darracq. Strax ári síðar sendi ALFA tvo bíla í Targa Florio kappaksturinn og þar með hófst mikil kappaksturssaga fyrirtækisins.



Eftir stríð urðu litlir og hagkvæmir bílar mjög vinsælir. Fiat Nuova seldist í um fjórum milljónum eintaka.

Maserati var stofnað árið 1914 í Bologna af fimm bræðrum sem báru ættarnafnið Maserati. Fyrst um sinn smíðuðu þeir kappakstursbíla fyrir önnur fyrirtæki. Það var ekki fyrr en árið 1926 sem Maserati sendi frá sér bíl undir eigin nafni. Það ár vann Maserati hinn fræga Targa Florio kappakstur og komst á kortið sem kappakstursbílaframleiðandi. Árið 1937 seldu bræðurnir fyrirtækið manni að nafni Adolfo Orsi en héldu áfram að vinna í verksmiðjunni í áratug þangað til þeir héldu á önnur mið. Maserati var ofarlega skrifað í kappakstri og vann m.a. Indianapolis 500 árin 1939 og 1940.

## Fyrri heimsstyrjöld

Eins og hjá öllum þjóðum sem tóku þátt í heimsstyrjöldunum tveimur sneru flestir bílaframleiðendur sér að framleiðslu hergagna, hvort sem það voru byssur, flutningabílar, jeppar, skriðdrekar eða flugvélar, á meðan styrjaldirnar stóð yfir. Árið 1915 tók maður að nafni Nicola Romeo við ALFA og breytti nafni þess í Alfa Romeo. Fyrst um sinn voru Alfa Romeo bílar fyrst og fremst kappakstursbílar og sportbílar fyrir þá ríku. Þeir höfðu alla bestu ökuþórana á sínum snærum og má þar nefna Antonio Ascari, Giuseppe Campari, Enzo Ferrari og Ugo Sivocci. Sá síðastnefndi var hæfileikaríkur og tæknilegur ökuþór en þótti einkar seinheppinn. Til að sporna við ólukku lét hann árið 1923 setja mynd af fjögurra blaða smára á hvítum bakgrunni á hlið rauða bílsins. Sivocci vann þennan kappakstur sem var fyrsti alþjóðlegi sigur Alfa Romeo. Fjögurra blaða smárinn átti eftir að vera merki Alfa Romeo í kappakstri allt til þessa dags. Scuderia Ferrari var stofnað í Modena árið 1929 sem kappaksturslið undir stjórn Enzo Ferrari sem notaðist einungis við bíla frá Alfa Romeo. Enzo Ferrari var sigursæll ökuþór þangað til árið 1931 þegar hann ákvað að hætta keppni út af komu sonar síns, Dino, í heiminn. Scuderia Ferrari þýðir „Hesthús Ferrari“ en Enzo Ferrari sá um að vera styrktaraðili, umboðsmaður og liðsstjóri fjölda ökuþóra. Alfa Romeo átti erfitt í kreppunni uppúr 1930 og sagði sig frá kappakstri árið 1933. Scuderia Ferrari tók þá við kappakstursliði Alfa Romeo. Árið 1938 vildi Alfa Romeo breyta nafninu á liðinu í Alfa Corse sem lagðist illa í Enzo. Hann var látinn fara með því skilyrði að hann myndi ekki keppa í kappakstri eða gefa út bíl næstu fjögur árin undir eigin nafni. Það breytti því hins vegar ekki að hann fór strax í að láta hanna fyrsta bílinn sinn frá grunni, Tipo 815, sem bar þá nafnið AAC (Auto Avio Costruzioni).

## Stund milli stríða

Árið 1918 yfirgaf Claudio Fogolin Lancia og tók mikla fjárhæðir með sér úr fyrirtækinu. Vincenzo Lancia hafði miklar áhyggjur af því að hann væri að missa tök á fyrirtækinu. Hann þurfti að endurskipuleggja verksmiðjur sínar eftir heimsstyrjöldina og hefja framleiðslu bíla sem fyrst og þurfti það að ganga vel ef hann ætlaði að geta borgað starfsfólki sínu laun. Fyrst kom út Lancia Kappa sem var skref í rétta átt en árið 1922 kom út Lambda sem breytti iðnaðinum. Í fyrsta sinn varð til grindarlaus fólksbíll þar sem styrkurinn var allur í yfirbyggingunni og einnig var hann með sjálfstæða framfjöðrun ásamt fleiri nýjungum. Vincenzo fékk heimsókn frá Bandaríkjamanni að nafni Flocker sem gaf honum hugmynd. Hann vildi fara í útrás á bandaríska markaðinn. Hann lét hönnuði og verkamenn sína hætta öllum störfum og einbeita kröftum sínum að hönnun og smíði risastórs lúxusbíls með V8 vél. Af honum seldust í kringum 1.700 eintök en Lancia dró sig út af Bandaríkjamarkaði



Fitat 500 a topolino bíllinn stórkostlegi sem kostaði 8.900 lírur.



NISSAN
Innovation
that excites
Nissan X-Trail
SUMARTILBOÐ
Nissan X-Trail er einstaklega rúmgóður og þekktur fyrir glæsilegt útlit og ríkulegan búnað.
NISSAN X-TRAIL
Verð frá: 4.690.000 kr.
Framhjóladrifinn, dísil, 1,6 l, sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*
490.000 kr.
KAUPAUKI FYLGIR NÝJUM X-TRAIL
Glugga- og húddhlíf
Heilsársdekk
Motta í skott
Style krómpakki
Losanlegur krókur
*Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.
ENNEMM / SÍA / NM83295
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# BÍLAR

skömmu eftir hrunið á Wall Street árið 1929. Eftir Ameríkuævintýrið komu út bílarnir Artena og Astura sem voru gríðarvel heppnaðir. Astura var það vel heppnaður bíll að bílaáhugamaðurinn og stjórnmálamaðurinn Benito Mussolini átti einn og lét alla helstu undirmenn sína keyra um á slíkum, en meira um hann síðar. Eftir heimsókn sína til Ford í Bandaríkjunum lét forstjóri FIAT, Giovanni Agnelli, hanna nýja framúrstefnulega verksmiðju sem fékk nafnið Lingotto og m.a. var kappakstursbraut á þaki hennar.

Árið 1925 kom út FIAT 509 sem varð mest seldi bíll Ítalíu á aðeins einu ári. Arftaki hans var FIAT 508 Balilla sem var frekar ætlaður konum en hann var dýrari en nam árslaunum margra Ítala svo að margir tóku stór lán til að eignast slíkan.

## Seinni heimsstyrjöld

Í seinni heimsstyrjöld stöðvaðist kappakstur og framleiðsla bíla en eftir stríð réð Enzo Ferrari nokkra starfsmenn frá Alfa Romeo. Enzo framleiddi frábæra kappakstursbíla og borgaði góðum ökumönnum fyrir að aka fyrir lið sitt.

Þegar hér var komið sögu réð fasismi ríkjum á Ítalíu með Mussolini í fararbroddi og kom það í veg fyrir að framleiðendur gætu flut bíla sína út. Mussolini vildi búa til bíl fólksins og bað Agnelli hjá FIAT um að smíða bíl sem kostaði undir 5.000 lírum. FIAT gat hins vegar ekki uppfyllt kröfur Mussolinis þar sem bíllinn sem til varð var FIAT 500 A „Topolino“ og kostaði 8.900 lírur. Þessa hugmynd tók Hitler síðar upp þegar hann bað Ferdinand Porsche um að framleiða bílinn sem síðar var kallaður Bjallan og reyndist töluvert vinsælli. Árið 1941 skipaði Mussolini einnig Alfa Romeo að framleiða stóra og dýra lúxusbíla fyrir þá auðugu og hátt settu.

## Fall fasismans

Eftir stríð urðu litlir og hagkvæmir bílar mjög vinsælir. Fyrstu áratugina eftir stríð voru þeir flestir með litlar vélar aftast í bílnum, líkt og Bjallan. Árið 1954 sást fyrst Twin Cam mótor Alfa Romeo sem átti eftir vera í bílum þeirra næstu fjörutíu árin og hentaði einkar vel í smábíla. Upp úr falli Mussolinis, fasismans og stríðs á Ítalíu hófst útrás FIAT sem náði til ýmissa landa í Austur- og Suður-Evrópu, Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Sem dæmi má nefna Lada 1200 og 1300 sem voru vinsælir ásamt því að til varð Polski FIAT sem framleiddur var í Póllandi fyrir Austur-Evrópu og meira að segja Kúbu. Árið 1957 kom út næsta kynslóð af FIAT 500 sem kölluð var Nuova 500, eða nýi 500. Hann var gríðarlega vinsæll, var í framleiðslu til ársins 1975 og seldist í tæpum 4 milljónum eintaka.

**FIAT er þekkt fyrir að kaupa upp samkeppnina og hefur keypt:**

- Autobianchi árið 1967
- Stóran hlut í Ferrari og Lancia árið 1969
- Abarth árið 1971
- Alfa Romeo árið 1986
- Maserati árið 1993
- Chrysler árið 2009 (formlega 2014)

Í marga áratugi hefur FIAT hér um bil alltaf verið með mjög vinsælan bíl í boði og þá sérstaklega í minni stærðarflokkum. Nuova 500 (1957), 124 (1967), 128 (1970), 126 og 127 (1972), Uno (1984), Tipo (1989), Punto (1995) og 500 (2008) til að nefna einhverja.

Abarth er merki sem bílaáhugamenn þekkja gjarnan en bílar þess eru þó ekki á hverju horni. Árið 1949 var Abarth stofnað af Carlo Abarth á rústum af Cisitalia sem var bílaframleiðandi sem lagði upp laupana. Árið 1952 byrjaði samvinna Abarth og FIAT. Abarth sérhæfði sig aðallega í viðbótum



Alfa Romeo Disco Volante bíllinn þykir einhver fegursta hönnun sem um getur í bílaheiminum og þótt víðar væri leitað.

**» Mussolini vildi búa til bíl fólksins og bað Agnelli hjá FIAT um að smíða bíl sem kostaði undir 5.000 lírum. FIAT gat hins vegar ekki uppfyllt kröfur Mussolinis þar sem bíllinn sem til varð var FIAT 500 A „Topolino“ og kostaði 8.900 lírur.**

við bíla framleidda af öðrum, svo sem púststkerfum, soggreinum og fleira sem gæti kreist út nokkur aukahestöfl. Árið 1971 keypti FIAT Abarth af eigandanum og stofnanda, Carlo Abarth og hefur það verið notað síðan sem kraftamerki FIAT, svipað og AMG hjá Mercedes-Benz. Hægt er að þekkja Abarth-bílana á merki þeirra sem er mynd af sporðdreka á gulum og rauðum bakgrunni.

Árið 1969 keypti FIAT 50% hlut í Ferrari sem varð svo 90% árið 1988. Það sama ár lést Enzo Ferrari og það hafði þær afleiðingar að notaðir Ferrari-bílar hækkuðu umtalsvert í verði. Dýrasti bíll sögunnar er 1962 Ferrari 250 GTO sem seldist árið 2014 fyrir 38,1 milljón Bandaríkjadala.

## Hönnunarhús

Ítalía er ekki endilega bara þekkt fyrir bílaiðnað, heldur fyrir hönnunarhúsin sem hafa sett sinn svip á bílaiðnaðinn, sem og annan iðnað. Það sem ákvarðar útlit bíla fyrst og fremst er notagildi þeirra, loftflæði og árekstraröryggi. Þegar bílar voru nýkomnir fram á sjónarsviðið þurftu bílaframleiðendur lítt á hönnuðum að halda því það var lítill sem enginn skilningur á loftflæði eða árekstraröryggi í bílum. Það var ekki fyrr en menn byrjuðu í kappakstri að þeir öðluðust þá þekkingu.

Einnig hafði hönnun herflugvéla í fyrri og seinni heimsstyrjöld áhrif, þar sem notast mikið var við loftflæðirannsóknir. Ítalir hafa alla tíð verið mikið viðriðnir kappakstur og samhliða því hafa sprottið upp frægir hönnuðir.

## Frægir hönnuðir

Frægustu hönnunarhúsin eru Zagato, Pininfarina, Italdesign Guigiaro, Bertone og Ghia.

Pininfarina hefur hannað marga bíla Ferrari og einnig fyrir Peugeot, Alfa Romeo, Cadillac, Maserati, Lancia, Bentley, Mitsubishi, FIAT og Volvo. Bertone teiknaði líklega frægustu bílahönnun alla tíma, Lamborghini Countach. Italdesign hannaði frægustu hlaðbaka allra tíma, fyrsta VW Golf og FIAT Uno og svo mætti lengi telja. Gæti þó verið að halla undan fæti hjá hönnunarhúsunum því að nýjustu bílarnir í dag eru mjög sjaldan hannaðir í hönnunarhúsum eins og algengt var hér áður fyrr. Núna er hver og einn bílaframleiðandi með gríðarlega innanhússþekkingu á loftflæði og árekstraröryggi, talsvert meiri þekkingu en hönnunarhúsin. Þessi þróun hefur gert aðra hönnuði að stjörnum. Menn á borð við Ian Callum hjá Jaguar, Peter Schreyer hjá Hyundai og KIA og Walter de Silva hjá VW Group til að nefna einhverja.

## Góðæri og olíukreppa

Automobili Lamborghini var stofnað eftir seinni heimsstyrjöld af Ferruccio Lamborghini sem dráttarvélaframleiðandi sem notaði íhluti úr vélum úr seinni heimsstyrjöldinni. Ferruccio hafði mikinn áhuga á fínum bílum og keypti sér sjálfur alls kyns dýrindis bíla þegar fyrirtæki hans fór að ganga vel. Það var þó ekki nóg til að slökkva þorstann því hann vildi búa til hinn fullkomna lúxusbíl og árið 1963 var fyrsti Lamborghini-bíllinn frumsýndur, 350GT. Eftir þetta urðu bílarnir til hver á eftir öðrum og hver öðrum fallegri. Má þar helst nefna Miura og Countach sem þykja oft á tíðum vera einhver fallegasta bílahönnun sögunnar. Frægari plakatbíla er erfitt að finna en þá tvo. Í olíukreppunni árið 1973 fór illa fyrir Lamborghini þar sem bílar fyrirtækisins voru dýrir og eyddu miklu bensíni með sínum tólf strokkum. Ári síðar hafði Ferruccio selt allan sinn hlut í fyrirtækinu sem hann stofnaði og gekk út úr því. Automobili Lamborghini varð gjaldþrota árið 1978 og gekk handa á milli til ársins 1998 þegar Volkswagen Group keypti það og á enn. Eftir það hefur fyrirtækinu gengið vel og bílar þess haldið fyrri gildum vel þrátt fyrir að nýrri bílarnir séu frekar í ætt við ofurbíla heldur en lúxusbíla.

Lancia hélt áfram að framleiða vandaðar lúxusbifreiðar eftir seinni heimsstyrjöld og var að mörgu leyti markaðsleiðandi en framleiðslukostnaður reyndist of hár og var Lancia keypt upp af FIAT árið 1969.

Árið 1957 hóf Maserati framleiðslu götubíla. Árið 1968 eignaðist franski framleiðandinn Citroën fyrirtækið en fór svo á hausinn níu árum síðar og ítalska ríkið hélt Maserati uppi. Árið 1975 tók goðsögnin Alessandro de Tomaso við Maserati. Eftir það keypti Chrysler fyrirtækið og svo loks FIAT.

## Breytingar í bílahönnun

Á áttunda og níunda áratugnum var tími breytinga í evrópskum og japönskum bílaiðnaði því að margir framleiðendur fóru að sýna framhjóladrifi áhuga. Þar voru ítölsku framleiðendurnir einna sterkastir. Með tilkomu framhjóladrifsins var hægt að hanna bíla sem miklu hagkvæmari pakka og þá sérstaklega í formi hlaðbaka. Á sjöunda og áttunda áratugunum var Alfa Romeo þekkt fyrir að framleiða undurfagra sportbíla sem ennþá endurspegla ímynd fyrirtækisins. Árið 1986 tók FIAT yfir Alfa Romeo og er hlutverk Alfa Romeo í dag að vera ofar FIAT í verðstiganum, ekki ólíkt hlutverki Audi hjá VW Group. Á árunum 1972 til 1992 var Lancia konungur rallsins. Með bílum eins og Fulvia, Stratos, 037, Delta S4 og Delta Integrale landaði framleiðandinn tíu heimsmeistaratitlum, fleiri titlum en nokkur annar framleiðandi í sögunni. Lancia-merkið hélt áfram og var gríðarlega frægt fyrir framúrstefnulega rallýbíla á áttunda- og níunda áratugnum en í dag eru Lancia-bílar byggðir á núverandi FIAT-bílum og fást einungis á Ítalíu.

## Seinustu áratugir

Langbestu ár ítalska bílaiðnaðarins voru 1989-1990 þar sem framleiddar voru 2,2 milljónir bíla árið 1989 og 2,1 milljón 1990. Árið 2011 féllu sölutölur ítalskra bílaframleiðenda undir 800.000 í fyrsta sinn í hálfa öld. Árið 2016 voru 20 lönd sem framleiddu yfir milljón bíla. Ítalía var 19. stærsta framleiðslulandið með rúma 1,1 milljón framleiddra eintaka. Ítalía hefur unnið evrópsku bílaverðlaunin næstoftast allra landa og FIAT hefur unnið oftast allra bílaframleiðenda.

Argentínumaðurinn Horacio Pagani vann hjá Lamborghini þegar fyrirtækið var að byrja að nota kolefnistrefjar við gerð bíla sinna, sem þótti nýstárlegt þá. Árið 1988 stofnaði hann Pagani Composite Research í Modena og upp úr því fór hann að huga að framleiðslu eigin bíls. Í samvinnu við AMG hjá Mercedes-Benz varð til fyrsti bíll Paganis árið 1999, Zonda C12. Síðan þá hafa nokkrir bílar borið Zonda-nafnið og arftaki þessa bíls var Huayra. Bílar Paganis eru fyrsta flokks ofurbílar, nánast bara úr koltrefjum og með æðislegar AMG-vélar sem komið er fyrir aftan við ökumanninn.

Árið 2004 var Sergio Marchionne ráðinn forstjóri FIAT. Hann hefur síðan þá verið mjög ákveðinn í því að snúa við blaðinu fyrir FIAT og með þó nokkrum árangri. Grande Punto var fyrsti bíllinn til að hjálpa fyrirtækinu úr skuld en þegar nýi FIAT 500 kom á markað árið 2008 reyndist hann fyrirtækinu gulls ígildi. Marchionne var helsta driffjöðrin í kaupum FIAT á Chrysler eftir að hann reyndi samvinnu við indverska og kínverska framleiðendur án árangurs. Þau bílamerki sem eru undir hatti FIAT í dag eru Abarth, Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Lancia, Maserati, Jeep og Ram og er þá FCA (Fiat Chrysler Automobiles) sjöundi stærsti bílaframleiðandi heims. Ferrari heyrði undir sama hatt en gerir það ekki lengur.

## Hvert stefnir ítalski bílaiðnaðurinn?

Í gegnum mestalla sögu ítalska bílaiðnaðarins hafa ofurbílar staðið upp úr. Merki eins og Ferrari og Lamborghini hafa stimplað sig rækilega inn í hóp þeirra allra bestu og eftirsóttustu enda var Ferrari dýrasta vörumerki heims árið 2014. Þrátt fyrir þróun í átt að umhverfisvænni tvinn- og rafmagnsbílum ættu þessi merki að halda sætum sínum næstu árin. FIAT munu halda áfram að selja ódýra bíla í miklu magni eins og þeir hafa alltaf gert og tilkoma Chrysler, Jeep, Dodge og Ram þýðir fleiri markaðssvæði og kúnnahópa fyrir FIAT til að spreyta sig á. Endurkoma Alfa Romeo er hafin með tilkomu nýrra frábærra sport- og fólksbíla seinustu ára og eru áætlanir um framhald þar á jákvæðar. Framtíð þessara merkja er nokkuð björt og þá ekki síst hér á landi þar sem það er komið umboð fyrir mörg þessara merkja í fyrsta sinn í langan tíma.



Pagani Zonda




Brimborg | Bíldshöfða 8, 110 Reykjavík — Sími 515 7000 | Tryggvabraut 5, 600 Akureyri — Sími 515 7050
mazda.is

# BÍLAR



## Næsti bíll forstjóra Shell verður tengiltvinnbíll

Það hljómar kannski undarlega að forstjóri eins stærsta olíufélags heims, Shell hafi nýlega látið hafa eftir sér að næsti bíll sem hann hyggist kaupa sé tengiltvinnbíll. Með slíkum yfirlýsingum er nánast eins og hann sé að lýsa yfir endalokum eigin fyrirtækis og allrar olíuframleiðslu. Það er þó líklega orðum aukið því forstjórinn, Ben Van Beurden, hefur pantað sér Mercedes Benz S500e bíl með rafmótorum, en einnig mjög öflugri brunavél. Bíllinn er samtals 436 hestöfl og það afl kemur bæði frá rafmótorum og brunavél. Ben Van Beurden lýsti því reyndar einnig yfir að fjármálastjóri Shell, Jessica Uhl, æki um á BMW i3, en hann gengur eingöngu fyrir rafmagni. Það eru því ekki bara yfirlýstir umhverfissinnar sem kaupa sér rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla, heldur einnig yfirmenn olíufélaganna. Ben Van Beurden er einn þeirra sem telja að mannskepnan stuðli nú að hlýnun jarðar með bruna jarðefnaeldsneytis, þó svo hann vinni sem forstjóri olíufyrirtækis og að framtíðin liggi í því að leggja af bruna jarðefnaeldsneytis og snúa sér að umhverfisvænum og endurnýtanlegum orkugjöfum. Hann telur að mestu notkun í bruna jarðefnaeldsneytis sé brátt náð og hún minnki svo hratt í kjölfarið.

## Fyrrverandi yfirmenn Fiat Chrysler kærðir fyrir fjárdrátt

Þrír fyrrverandi yfirmenn Fiat Chrysler bílasamstæðunnar hafa verið ákærðir fyrir að stela milljónum dollara úr sjóði fyrirtækisins sem ætlaður var til að standa straum af kostnaði við þjálfun starfsmanna. Einn þessara yfirmanna, Alphons Iacobelli, bar varaforstjóratitil. Hin tvö heita Monica Morgan, ekkja annars varaforstjóra Fiat Chrysler, og Jerome Durden sem gegndi starfi fjármálaráðgjafa, en hann var ákærður fyrir yfirhylmingu. Rannsókn hefur leitt í ljós að Monica Morgan og þálifandi eiginmaður hennar og varaforstjóri, General Holiefield, notuðu 1,2 milljónir dollara úr starfsþjálfunarsjóðnum í föt, skartgripi, hús og ferðalög. Til dæmis keyptu þau ferð með einkaflugvél sem kostaði 30.000 dollara. Iacobelli tók um eina milljón dollara úr sjóðnum til einkanota og gaf þetta fé auk þess ekki upp til skatts, svo hann þarf einnig að svara til saka fyrir skattayfirvöldum. Hann keypti til að mynda forláta Ferrari 458 Spider bíl fyrir fjármunina, leigði sér einkaflugvélar, lagfærði hús sitt og eyddi fé í margs konar annan munað. Öllum hefur þessum starfsmönnum verið vikið frá störfum hjá Fiat Chrysler. Öll verða þau ákærð fyrir athæfið.

## Verður E-Class All-Terrain 4x4 að veruleika?

Hjá Mercedes Benz kemur til greina að smíða hreint magnaða torfæruútgáfu E-Class bílsins með drifrás ættaða úr G-Class herjeppanum. Mercedes Benz hefur þegar smíðað tilraunaeintak af slíkum bíl og var það verkfræðingurinn Jürgen Eberle hjá Mercedes Benz sem fór fyrir því verkefni með fulltingi 24 annarra starfsmanna. Var þessi smíði í upphafi eins konar gæluverkefni en nú er svo komið að vel kemur til greina að fjöldaframleiða bílinn. Eins og á myndinni af bílnum má sjá þá er hann æði hár frá vegi og þar sem drifbúnaðurinn er tekinn upp í grindina þá er enginn öxull að þvælast fyrir ef farið er í vænar torfærur. Eberle segir að hægur vandi sé að framleiða þennan bíl og engin tæknileg vandamál í veginum. Öll tækni til þess sé til staðar hjá Mercedes Benz. Þar sem bíllinn hefur fengið svo mörg jákvæð ummæli bæði innan Mercedes Benz og utan fyrirtækisins þá á bara eftir að sannfæra helstu yfirmenn um ágæti þess að fjöldaframleiða þessa óvenjulegu gerð E-Class.




jeep.is

ALVÖRU JEPPI MEÐ HÁU OG LÁGU DRIFI
250 HÖ DÍSEL 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
GERÐU VERÐSAMANBURÐ




JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 8.990.000*

*Jeep Grand Cherokee Laredo dísel 250hö, 8 gíra sjálfskiptur, Quatratrac II fjórhjóladrif með lágu drifi, 18" álfelgur, Led+Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðarstýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

ALVÖRU JEPPI
DÍSEL 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR
KOMDU OG REYNSLUAKTU




JEEP® CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 6.690.000*

*Jeep Cherokee Longitude 2.2 dísel 185 hö (Limited 200 hö) 9 gíra sjálfskiptur, Select Terrain drif með fjórum stillingum og Jeep Active drive (Limited útgáfan með lágu drifi), 17" álfelgur, Led dagljós og afturljós, aftursæti á sleða til að stækka farangursrými, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, leðurstýri og gírhnúður, aðgerðarstýri, hraðastillir o.m.fl. Longitude Luxury aukalega með rafdrifnum upphituðum leðursætum og bakkmyndavél, kr. 6.990.000.

Jeep®

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.


bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



**GOLFBÍLL TIL SÖLU.**
Nýinnfluttur,mjög vel með farinn GOLF BUGGY EZGO 2011 Verð 650.000 Upplýsingar í síma 896 0218

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is


**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600




# ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI

**Leitum að jákvæðu og þjónustulunduðu fólki til að starfa með okkur. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**

- SÖLUMAÐUR Í HÚSGAGNADEILD
- STARFSMAÐUR Í VEFNAÐARVÖRUDEILD
- HELGARSTARFSMENN



**Spennandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.**

Áhugasamir hafið samband við Hall í gegnum netfangið verslun.grandi@rfl.is

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2017

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is


## Húsaviðhald




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

# Keypt & Selt

## Til sölu

**AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR TIL SÖLU**
Austurlenskur veitingastaður í skeifan til sölu rekstur eða með húsnæði uppl á tomas6911@gmail.com

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**
**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 824 1485**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

Karlmaður frá Litháen 39 ára óskar eftir vinnu, lærður húsgagnasmiður enn öll vinna kemur til greina. Uppl. S. 857 1419


vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun



# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
